

Jólablað Jökuls 2023



Á EFTIR AÐ KLÁRA SÍÐUSTU PAKKANA?

Kíktu til okkar og athugaðu hvort við getum hjálpað.



.origo.

- Sjónvörp
- Hljóðstangir
- Hátalarar
- Bose heyrnatól
- Sony heyrnatól
- Lenovo fartölvur



- Apple TV
- AirTag
- AirPods
- iPad
- MacBook fartölvur

ORMSSON

- Heimilistæki
- Sjónvörp
- Heyrnartól frá B&O
- Leikjaheyrnatól
- Snjallsímar
- Google Nest netlausnir

DIDRIKSONS

- Úlpur
- Jakkar
- Snjóboxur
- Vindboxur
- Regnfatnaður
- Barnavettlingar

CINTAMANI

- Flíspeysur
- Ullarpeysur
- Úlpur og jakkar
- Flísvettlingar
- Lúffur fyrir börn og fullorðna



- Hettupeysur
- Stuttermabolir
- Regnfatnaður
- Ullarsokkar
- Vinnusokkar
- Kuldagallar

VIKING

- Stígvél
- Skór
- Ullarnærfatnaður á börn
- Lambhúshettur á börn

DEVOLD

- Ullarnærfatnaður

*Við óskum þér og þínum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári,
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.*

*Opið virka daga 8-17
Þorláksmessa 13 - 17
Aðfangadag LOKAÐ*



Ólafsbraut 19 - Sími 436 1214



olafsvik@voot.is - www.voot.is

Jólahugvekja



„Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs“
(Lúk 2.11)

Kæru vinir og nágrennar.

Hver er hinn eini sanni jólaandi og hvernig förum við að því að eignast hann? Sjálfsgagt eru alls kyns svör til við þeirri spurningu en mig langar hér til þess að skoða hvernig Charles Dickens nálgast hana í jólaævintýri sínu.

Jólaævintýri Dickens gerist á aðfangadegi jóla í samtíma hans í Lundúnum 19. aldar. Þar segir frá geðstirða nískupúkanum Skröggi. Skröggur er óttalegur leiðindakall sem hefur engan áhuga á jólinum sem honum finnst hin mesta tíma- og peningasóun. Hann hefur heldur engan áhuga á því að verja tíma sínum í samvistir með skyldfólki sínu um jólnin og þegar hann er beðinn um að gefa í söfnun fyrir þörfum fátækra bregst hann hinn verst við og harðneitar að láta neitt af hendi rakna. Það er síðan bara með mikilli ólund að hann leyfir skrifstofumanninum sínum, Bob Cratchit sem vinnur fyrir hann á lúsarlaunum, að fara

örlítið fyrr heim þennan dag til þess að halda jólin hátíðleg.

Á jólanóttina vitjar draugur Marleys Skröggs en Marley hafði áður verið viðskiptafélagi hans. Draugurinn reikar um jörðina hlekkjaður með þungum keðjum við kassa af peningunum sem hann nurlaði saman á æfi sinni sem einkenndist af eiginirni og græðgi. Marley segir Skröggi að hann fái aðeins eitt tækifæri til þess að forðast sömu örlög. Hans verði nú vitjað af þremur draugum og hann verði að hlusta vandlega á þá ef hann vill komast hjá því að dæmast til að burðast sjálfur með enn þyngrri keðjur.

Fyrsti draugurinn, draugur liðinna jóla minnir Skrögg á það hvernig hann hafði breyst í gegnum ævina úr saklausum góðum dreng í ömurlegan aurapúka sem elskaði peninga meira en nokkuð annað. Draugur núverandi jóla sýnir síðan Skröggi jólagleðina hér og þar í borginni og síðan fær Skröggur að sjá jólin á heimili Bob Cratchit þar sem yngsti sonur hans, hann Tim litli er alvarlega veikur. Draugurinn segir Skröggi að Tim litli muni deyja nema eitthvað verði til að breyta atburðarásinni eins og hún stefnir nú.

Síðasti draugurinn er draugur jóla framtíðarinnar. Þar sér Skröggur eigin útför þar sem ekki nokkur maður syrgir hann og öllum peningunum hans er stolið. Skröggi er illa brugðið og finnst vont að átta sig á því að það er enginn sem á eftir að sakna hans. Þá fær Skröggur að sjá Bob Cratchit og fjölskyldu hans syrgja Tim litla og

loks fær hann að sjá gamla vanhirta gróf þar sem legsteinninn ber nafn hans sjálfs. Að lokum heitir tárvotur Skröggur því að bæta ráð sitt.

Á jóladagsmorgun vaknar Skröggur breyttur maður. Hann leggur dágóða upphæð í söfnunina sem hann vildi ekki gefa neitt í daginn áður og sendir stóran kalkún heim til Bob Cratchit. Síðan eyðir Skröggur því sem eftir er dagsins með því að fara í jólaboð hjá Fred sem var systursonur hans. Daginn eftir lætur Skröggur Cratchit fá væna launahækkun og smám saman eignast Skröggur fallett samband við Tim litla. Upp frá þessu lifir Skröggur lífi sínu í hinum sanna jólaanda og kemur fram við alla af gæsku, örlæti og kærleika.


Boðskapurinn í sögu Dickens er augljós. Lífi sem er varið í sjálfsselsku og græðgi er ömurlegt og leiðir til beiskju, einmanaleika og óhamingju en líf sem er lifað í kærleika og umhyggju fyrir öðrum er bæði fallegt og hamingjuríkt.

Auðvitað getum við öll séð í hendi okkar að boðskapurinn er bæði góður og sannur. Á honum er hins vegar einn mikill hængur. Það er hægara sagt en gert að vakna einn góðan morgundag og lifa síðan kærleiksríku lífi upp frá því. Þótt við séum öll af vilja gerð reynist okkur afar erfitt að gera allt rétt í eigin mætti. En góðu fréttirnar eru fólgnar í hinum sanna boðskap jólanna að „yður er í dag frelsari fæddur“.

Á jólum fögnum við því að Guð gerðist maður. Ljós hans getur lýst inn í myrkur eiginirinnar, græðginnar og óréttlætisins sem leynist innra með okkur öllum og með trú á Krist hljótum við ekki aðeins fyrirgefningu þessara bresta okkar heldur líka hjálp hans til að umbreytast eins og Skröggur gerði.

Guð gefi okkur öllum náð til þess að taka við jólaljósinu sanna, Jesú Kristi.

Gleðileg jól,
Séra Ægir Örn Sveinsson, Ólafsvík.



Draugur Marleys vitjar Skröggs, teikning frá 1843 eftir John Leech.

Setbergsprestakall
Helgihald yfir hátíðirnar

Grundarfjarðarkirkja: Aftansöngur á aðfangadag kl. 18:00
Setbergskirkja: Hátíðaruguðsþjónusta á jóladag kl. 14:00
Grundarfjarðarkirkja: Aftansöngur á gamláræsdag kl. 16:00

Gleðileg jól

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall
Helgihald yfir hátíðirnar

Ólafsvíkurkirkja: Aftansöngur á aðfangadag kl. 16:30
Ingjaldshólskirkja: Aftansöngur á aðfangadag kl. 18:00
Brimsvallakirkja: Kertaljósaguguðsþjónusta á jóladagskvöldi kl. 21:00
Ólafsvíkurkirkja: Aftansöngur á gamláræsdag kl. 16:00

Gleðileg jól

Jólaball á Hofi í Öræfasveit 1954

Vorið 1953 flytja foreldrar mínir Jakob Guðlaugsson og Guðveig Bjarnadóttir, úr Reykjavík að Skaftafelli í Öræfum. Öræfasveitin var mjög einangruð á þessum árum og sundur skorin af jökulvötnum sem stundum voru slæm yfirferðar, sérstaklega á veturna þegar vötnin voru klakakropin. Sveitin var lokuð af stórflyótum bæði að austa og vestan. Vatnajökull lokaði sveitinni að norðan og Atlantshafið girti sveitina af að sunnan. Eina lífæðin við umheiminn var oft á tíðum um flugvöll á Fagurhólsmýri.

Á Hofi í Öræfum var svo samkomuhús fyrir sveitina, nálægt miðju sveitarinnar. Þar voru meðal annars haldin böll og skemmtanir fyrir fólkið í sveitinni.

Það var svo milli jóla og nýársárið 1954 sem að ég fékk að fara í fyrsta sinn á jólaball, eins og það var kallað í þá daga. Ég var það ungur að árum þegar þetta var að ég man nú mjög lítið eftir þessari ferð, en við móðir mín rifjuðum þetta upp í sameiningu fyrir nokkrum árum síðan.

Lagt af stað á jólaball

Það hefur sennilega verið rétt um hádegi, einhvern daginn á milli jóla og nýárs, að farið var að hafa sig til á ballið. Ég var klæddur í mín bestu fót. Það voru ljósar smekkbuxur og nýir strigaskór, sem að ég fékk rétt fyrir jólin. Mér var svolítið í nöp við þessa strigaskó, ég vildi alvöru spariskó, ég var sko að fara á ball, en þeir voru ekki til



Fjölskyldan í Bólta í Skaftafelli 1955. Móðir Porsteins með Bjarna bróðir hans nýlega fæddann, Porsteinn situr í fanginu á föður sínum og Sigurður bróðir hans lengst til hægri.

á mig í það skiptið. Svo var lagt af stað, eldri bróðir minn Sigurður og frændi minn Guðlaugur Björgvinsson, sem var í heimili í Skaftafelli á þessum árum, lögðu af stað með mig labbandi austur og niður Skaftafellsbrekkurnar. Það var snjór yfir öllu, sól og talsvert frost. Snjórinn sindraði í sólinni og það marraði í snjónum undan fæti. Ég mátti ekki setjast í snjóinn eða leika mér í finu fötunum, en ég var samt spennur fyrir þessu ferðalagi. Pabbi og mamma komu svo á eftir okkur á dráttarvél sem var eina farartækið á heimilinu þá. Dráttarvélin var treg í gang í frosti

og hafa foreldrar mínir örugglega sent okkur á undan hefði vélin ekki farið í gang. Gekkt nú ferðin betur á farartæki en gangandi. Fimm kílómetrum austan við Skaftafell er Svínafellsá, var pabbi búinn að hafa samband

austur að Svínafelli til að fá bíl á móti okkur út að ánni, bílstjóri var Jón Pálsson frá Svínafelli. Það voru miklar skarir meðfram ánni og ófært öllum ökutækjum. Pabbi var með upphá vaðstígvél með og bar hann mannskapinn

Óskum viðskiptavinum og Snæfellingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.



SÓLARSPORT
LÍKAMSRÆKT - SÓLBADSSTOFA

SÍÐAN 1998



ÖPNUNARTÍMI

Jól og Áramót

Þorláksmessa 23.12	09-22
Aðfangadagur 24.12	10-14
Jóladagur 25.12	Lokað
Annar í jólum 26.12	10-14
Miðvikudaginn 27.1	10-22
Fimmtudaginn 28.12	10-22
Föstudaginn 29.12	10-22
Laugardaginn 30.12	10-22
Gamlársdagur 31.12	10-14
Nýársdagur 1.1	Lokað
Þriðjudaginn 2.1	10-22

SJOPPAN
ÓLAFSVÍK

OPNUNARTÍMAR UM HÁTÍÐARNAR

SUNNUDAGAR ERU FRÍDAGAR

Við vekjum athygli á að lokað er á aðfangadag og gamlársgangur þar sem óheimilt er að hafa Vínbúðir opnar á sunnudögum.

Vínbúðirnar Ólafsvík og Stykkishólmi

Fimmtudagur	21. desember	14-18
Föstudagur	22. desember	13-19
Laugardagur	23. desember	11-14
Sunnudagur	24. desember	Lokað
Mánudagur	25. desember	Lokað
Þriðjudagur	26. desember	Lokað
Miðvikudagur	27. desember	14-18
Fimmtudagur	28. desember	14-18
Föstudagur	29. desember	13-19
Laugardagur	30. desember	11-14
Sunnudagur	31. desember	Lokað
Mánudagur	1. janúar	Lokað
Þriðjudagur	2. janúar	14-18

Vínbúðin Grundarfirði

Fimmtudagur	21. desember	16-18
Föstudagur	22. desember	13-19
Laugardagur	23. desember	Lokað
Sunnudagur	24. desember	Lokað
Mánudagur	25. desember	Lokað
Þriðjudagur	26. desember	Lokað
Miðvikudagur	27. desember	16-18
Fimmtudagur	28. desember	16-18
Föstudagur	29. desember	13-19
Laugardagur	30. desember	Lokað
Sunnudagur	31. desember	Lokað
Mánudagur	1. janúar	Lokað
Þriðjudagur	2. janúar	16-18

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á vinbudin.is



yfir ána þar sem gott var að vaða á milli skara.

Billinn var stór Dodge Wea-pon og var hann fylltur af fólki í Svínafelli áður en haldið var austur að Hofi. Það voru bekkir langsum aftur í bílnum og fullorðnir sátu undir börnunum. Það voru þrír bæir í ábúð á Svínafelli á þeim tíma og var fólkinu þaðan komið fyrir í þessum bíl. Það eru tvær jökulár á milli Svínafells og Hofs, báðar óbrúaðar í þá daga, Virkisá og Kotá, auk minni lækja sem þóttu ekki vera neitt stór vandamál. Það þurfti að brjóta skarir við bæði Virkisá og Kotá, til að koma bílnum yfir.

Víðförull jólasveinn

Við komum að Hofi um kl. 6-7 um kvöldið. Þá var fólk úr sveitinni að streyma að. Þegar við komum inn í samkomusalinn blasti við stærðarinnar jólatré með logandi kertum. Tréð stóð á litlu borði í salnum og sýndist miklu stærra fyrir vikið. Undir borðinu voru nokkrar fötur fullar af vatni til öryggis ef kveikna skildi í, út frá kertunum. Við einn vegginn var stórt og mikið fótstigið orgel og við það

settist organisti kirkjunnar, Páll Björnsson frá Fagurhólsmýri og fór að leika jólalög og sálma. Börnin mynduðu hring um jólatréð ásamt nokkrum fullorðnum og dönsuðu í kring um tréð. Einn fullorðinn var innst í hringnum, Sigurður Björnsson frá Kvískerjum, og passaði upp á jólatréð. Þegar við vorum búin að dansa kring um tréð í nokkurn tíma heyrðist hark og hróp og hurðaskellir, og svo birtist jólasveinn með poka á baki. Hann skelli sér í hringdansinn og bað einhvern fullorðinn að passa fyrir sig pokann sinn á meðan. Ég varð alveg uppnuminn og smá smeikur að sjá jólasvein þarna í fyrsta skipti. Eftir nokkur lög í viðbót stoppaði tónlistin og sveinki settist flötum beinum á mitt gólfið og kallaði til sín krakkana. Hann tindi upp úr poka sínum kramarhús full af sælgæti og gaf börnunum á meðan hann sagði okkur rosalega ferðasögu yfir jökla og sanda, hann var víða búinn að koma við hjá börnum þetta kvöldið, allt frá Hornafirði og að Kirkjubæjarklaustri. Kramarhúsunum þurftum við að skila til hans aftur, þá voru hlutirnir endur nýttir. Þegar



Bærinn Bölti í Skaftafelli.

hann var búinn að endurheimta kramarhúsin, tók hann pokann sinn og kvaddi börnin. Það var dansað í kring um jólatréð dagöða stund í viðbót og að mig mynnir að farið hafi verið í allskonar leiki. Seinna var kakó og kaffi með allskonar jólatertum og kökum. Ég held að kvenfélagið hafi séð um sölu á kaffinu.

Eitthvað var víst liðið á kvöldið þegar ég sofnaði í fanginu á mömmu, enda orðinn út keyrður. Mér var komið heim á bæ á Hofi og lagður í rúm og látinn sofa þar. Ég vaknaði einhver- tíma um nóttina og vildi fara til mömmu minnar, en það tókst að sansa mig til og sofnaði ég aftur. Eftir barnaballið var nefnilega haldið ball fyrir fullorðna, það hefur sennilega staðið til kl 3 eða 4 um nóttina. Þá var bara ein harmonikka sem hélt uppi fjörinu, harmonikkuleikarinn hét Sigurgeir Jónsson og var frá Fagurhólsmýri, ég á honum að þakka minn harmonikkua- huga seinna á æfinni.

til birti af degi. Það var ekkert vit að vaða Svínafellsá í myrkri og það með börn að auki. Í Svínafelli gistum við í gömlum bæ, eina upphitunin var kolavél í eldhúsinu. Við vorum látin sofa í gestastofu og sagði mamma mér að það hafi verið mjög kalt að koma þar inn, enda ekki til ofnar þá eins og til eru í dag. En blessað fólkið á bænum var búið að setja heitt vatn á flöskur sem þau settu undir sængurnar hjá okkur og munaði það öllu.

Það var liðið fast að hádegi daginn eftir þegar við komum heim aftur eftir þessa jólaskeggtun. Það fór sem sagt einn sólarhringur í þessa ferð, á eina jólaskeggtun, í dag er maður um það bil tíu mínundur að fara þessa sömu leið á löglegum hraða. Væri maður tilbúinn til að fórna einum sólarhring fyrir eina kvöldskeggtun í dag við þessar aðstæður?

Takk fyrir kærur lesendur og gleðileg jól.

Forsteinn Jakobsson
frá Skaftafelli í Örafum.

Heimferðin

Ég man ekkert eftir því þegar lagt var af stað heimleiðis, en við fengum að gista í Svínafelli þar



Útihús í Bölti í Skaftafelli.

Óskum öllum íbúum Snæfellsbæjar
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu.



J.T. Trésmíði s.l.f.
Snæfellsbær
Jón Tryggvason
Húasmiðameistari sími: 894-1051



Jólaþakveðja

Félag eldri borgara í Snæfellsbæ
óskar Snæfellsbæingum og öðrum velunnurum
gleðilegra jóla, árs og fríðar.

Með þökk fyrir allt gott á liðandi ári.

Stjórnin.



Jól í Þjóðgarðinum



Fjöl mörg börn í leikskóla Snæfellsbæjar og nemendur á yngri stigum í Grunnskóla Snæfellsbæjar hafa heimsótt Þjóðgarðsmiðstöðina á Hellissandi á undanförunum vikum. Í þessum heimsóknum hafa börnin fengið fræðslu frá starfsfólki, gert sér glaðan dag og haldið listasýningar. Einhver þeirra hafa meira að segja verið svo heppin að rekast á jólasveininn á sveimi í Þjóðgarðsmiðstöðinni. Nemendur við Lýsudeild Grunnskóla Snæfellsbæjar heimsóttu líka Gestastofu Þjóðgarðsins á Malarrífi fyrir nokkrum

vikum, þar nutu þau leiðsagnar frá landverði og óviðjafnanlegrar náttúruferðarar svæðisins. Snæfellsjökulspjóðgarður iðar af lífi og tengsl hans við nærsamfélagið hafa eflst töluvert með tilkomu Þjóðgarðsmiðstöðvarinnar á Hellissandi. Tengslin eru hvergi sýnilegri en hjá yngri kynslóðinni sem býr við þau forréttindi að alast upp með náttúruferlu eins og Snæfellsjökulspjóðgarð í bakgarðinum, og við góða leik- og grunnskóla sem kynna heimabyggðina í starfi sínu.

SJ



*Jóla*kveðja frá Jaðri

Sendum öllum bæjarbúum okkar bestu jóla- og nýársóskir með kærri þökk fyrir hlýhug á árinu sem er að líða.

*Jóla*kveðja,

Íbúar, starfsfólk og stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars

Týndu jólin



Einu sinni fyrir langa löngu bjó fjölskylda á Siglufirði. Það var 19. desember og það var kvöld. Systkinin Lilja og Siggí voru að fara í háttinn. Lilja var í fjórða bekk og Siggí í öðrum bekk. Lilja var orðin mjög spennt fyrir jölunum en Siggí hugsaði bara um tölvuna. Lilja var strax farin að hugsa um gjafirnar, hún óskaði þess að fá nýjustu Harry Potter bókina en Siggí vildi bara fá nýjasta tölvuleikinn í GTA. Lilja gat hreinlega ekki sofnað fyrir spenningi en Siggí svaf eins og steinn. Lilja vakti í marga klukkutíma því hún var líka spennt fyrir því að skreyta. Daginn eftir var mamma þeirra í geymslunni að leita að jólaskrautinu en tundraði með sjálfri sér: „hvar er jólaskrautið?“ Lilja skyldi ekki neitt í neinu og Siggí kom og spurði hvað væri á seiði. Mamma þeirra sagði að hún myndi ekki jólaskrautið. Þá hafði Siggí áhyggjur af því að fá ekki nýja Playstation jólaskraut-

íð sitt. Ekki nóg með það heldur mamma þeirra fann heldur ekki jólagjafirnar.

Þá galti Lubbi hundurinn þeirra allt í einu mjög hátt. Lilja og Siggí hlupu inn í stofuna og þar voru fótspor, risastór kattafótspor! Ekki skrítið að Lubbi galti. Lilja klæddi sig og labbaði inn í herbergi til að hugsa málið. Allt í einu fékk hún hugmynd, hún náði í Sigga og sagði honum að þau myndu elta fótsporin og finna jólaskrautið. Þau klæddu sig mjög vel því það var kalt í veðri. Þau eltu fótsporin upp fjallið, þau voru búin að labba óralengi þegar þau heyrta aftur gelt og aftur! Þau líta fyrir aftan sig og þar var Lubbi. Þau þrjú löbbuðu áfram og loksins sáu þau helli en þá trampar risastórt tröll út og þrumar: „Hvað eru þið að gera hér?“ Lilja sagði honum að þau væri að leita að jólaskrautinu sínu. Siggí spurði trölilið hvað það hétu og það sagðist heita Bjarki Bóbó Snæ-

fell. Lilja og Siggí kynntu sig. Lilja spyr Bjarka hvort hann hafi séð stóran kött einhvers staðar. Hann svaraði neitandi og sagðist vera að vernda grýluhelli. Þá spyr Siggí: „Er þetta grýluhelli?“ og Lilja spyr: „Er grýla þarna inni?“

Bjarki verður allt í einu mjög vandræðalegur á svipinn og segir: „Úps“. Hann segir krökkunum að það væru aldrei jól í tröllaheimi sem honum þætti mjög leiðinlegt. Lilja spurði Bjarka hvort hann hafi nokkuð tekið jólaskrautið og Bjarki kinkar vandræðalega kolli. Lilja spyr hann hvort jólakötturinn hafi verið með honum og hann kinkaði aftur kolli og sagðist bara hafa viljað halda upp á jólin með jólakettinum, honum fannst jólin svo heillandi.

Allt í einu heyrðist þrumað: „Hvað eru þið að gera hjá hellinum mínum!“ Þetta var Grýla og með henni var Leppalúði og allir jólasveinarnir. Þá heyrðist mjálm og Grýla sagði: „Uss Sigmundur“. Þá hrópaði Siggí upp yfir sig: „Sigmundur? Heitir jólakötturinn Sigmundur?“ Grýla sagði að hún væri nú bara að fylgja nafnatiskunni og hann hétu jólin Sigmundur. Stúfur spurði

krakkana hvað þeir væru að gera þarna hjá Grýluhelli og Lilja sagði honum frá týnda jólaskrautinu og gjöfunum. Þá strunsar Grýla inn í hellinn og viti menn! Þarna var jólaskrautið og allar gjafirnar. Grýla varð öskureið við Bjarka og Sigmund, Bjarki fór að hágráta og sagðist bara vilja halda upp á jólin. Lilja stakk þá upp á því að þau gætu öll haldið jólin með þeim. Grýla virtist nú ekki vera til í það fyrst en þegar hún sá að allir jólasveinarnir, Bjarki, Sigmundur og meira að segja Leppalúði vildu halda jól ákvað hún að samþykka það. Hurðaskellir bauðst til að skutla öllum á sleðanum sínum. Það settust allir á sleðann og þau byrjuðu að renna af stað. Lubbi galti og galti. Eftir nokkrar mínútur voru þau komin heim og fóru að skreyta allt hátt og lágt. Mamma var mjög hissa þegar hún sá allt skreytt og jólagjafirnar þegar hún kom heim en ennþá meira hissa þegar hún sá alla gestina en það urðu svo sannarlega gleðileg jól.

Höfundar:
Júlia Rós Guðbjartsdóttir
og Gabríel Góí Jóhannsson

Útgáfa Jökuls á næstunni

Jökull kemur út milli jóla og nýárs.

Skil á auglýsingum og efni er fyrir kl. 16 miðvikudaginn 27. desember.

*Snæfellingum óskum við
gleðilegra jóla
og þökkum viðskiptin á árinu.*



STEINPRENT

436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is



*Óskum viðskiptavinum okkar
og Snæfellingum öllum gleðilegra jóla.*

Við þökkum viðskiptin á árinu.



Opnunartími yfir jólin

Laugard. 23. des.	Þorláksmessa	09.00 - 21.00
Sunnud. 24. des.	Aðfangadagur	09.00 - 13.00
Mánud. 25. des.	Jóladagur	Lokað
Þriðjud. 26. des.	Annar í jólum	Lokað
Miðvikud. 27. des.		09.00 - 18.00

*Gleðilega hátíð
Þökkum viðskiptin á árinu*



KASSINN
ÓLAFSVÍK

Norðurtangi 1 - s. 436 1376



*Óskum Snæfellingum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.*



MAGNÚS SH-205
Skarðsvík ehf.

Jólasurningar



Franziska Kopf

Hvað kemur þér í jólaskap?

Að búa til aðventukrans og aðventudagatal fyrir börnin og jólasmákökubaksturinn.

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Hmmm, erfitt, örugglega við krakkarnir að kíkja laumulega í gegnum skráargat til að reyna að ná að sjá "Christkind". "Jólabarnið" að setja pakkana undir jólatréð.

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Bróðir minn og ég að fá hláturskast yfir því að hann leikur jólasöguna sem mamma las fyrir okkur á bak við hana, við jólatréð á aðfangadagskvöld.

Besta eða eftirminnlegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Úff, ekki hugmynd.

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Ostafondue með gulrótasalati.

Hvað finnst þér vera besta jólagjöf?

Hmm ég man ekki eftir því að vera bara með eitt lag sem stendur mest uppúr. En besta barnajólagið er klárlega "In der Weihnachtsbäckerei" og annars myndi ég akkúrat í augnablikinu segja "Dansaðu Vindur".

Gleðilega hát

Snæfellsbær óskar íbúum Snæfellsbæjar, nærsveitu
landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á

Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

Fyrir hönd bæjarstjórnar og starfsfólks Snæfellsbæjar
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



íð

ngum og
komandi ári.

jar,



Jól tveggja landa

Kalt vetrar loftið í Ólafsvík bitur mig í nefbroddinn þegar ég opna dyrnar að húsinu okkar og stíg út í ísлагt umhverfið. Himininn er djúplár og speglast í ísnárunum á jörðinni. Niðurinn frá sjónum í bakgrunni eins og ljúf laglína. Kaldur andardrátturinn gefur til kynna að veturinn sé kominn með öllu sínu veldi. Í fögru umhverfi snæviþakins bæjarins finn ég fyrir hátíðlegu andrúmslofti jólanna. Ferskt loftið fyllir lungun og í huganum anda

ég að mér ilm af greninálum og viðarreyk, líkt og náttúran sjálf fagni töfrum jólanna. Veturinn í Snæfellsbæ býr yfir sínum eigin töfrum þar sem hann vekur upp minningar af snjóþungum dögum í Sviss. Þegar desember gengur í garð skreyta fjölskyldur gluggana með glitrandi ljósum, heimagerðum skreytingum og líflægum jólamyndum. Á hverju kvöldi kemur nýr aðventugluggi í ljós, fjölskyldur heim-sækja heimili glugganna, dást að



Alexander og bróðir hans fyrir framan jólatré á æskuheimilinu.



Amma að útbúa sín frægu bretzeli

þeim og gæða sér á svolitlu góðgæti. Þessi daglega athöfn helst í hendur við ilminn af smjöri, sykri og sitrónum sem fyllir eldhúsið af tilhlökkun fyrir hátíðinni. Innan um skálar af degi og ilmandi hráefni hóf amma mín að undirbúa sín frægu „Bretzeli“.

Þessar örþunnu, stökku vöflur hafa gengið á milli kynslóða lengi. Leyndarmálið er ekki einungis að finna í uppskriftinni heldur líka í ástríðunni sem býr í þeim sem hnoðar deigið. Gamalt vöflujárnið hitnaði á meðan amma bjó til deigið. Hljóðið þegar deigið fer á heitt járneð eins og tónlist, ýtti undir



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
óskar íbúum á Snæfellsnesi
gleðilegra jóla
og farældar á komandi ári.



RAUÐAKROSSDEILD
SNÆFELLSBÆJAR

*Rauðakrossdeild Snæfellsbæjar óskar
íbúum Snæfellsbæjar og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farældar á komandi ári.*

Um leið viljum við vekja athygli á 1717 - hjálparsíma og netspjall Rauða krossins, þar er hægt að hafa samband vegna alls þess sem þér liggur á hjarta og fá ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi.



Ekkert vandamál er of stórt eða lítið fyrir Hjálparsímann 1717 og netspjall Rauða krossins en árlega berast um 15 þúsund mál inn á borð 1717 sem eru jafn ólík og þau eru mörg. Hjálparsíminn er alltaf opin, trúnaði og nafnlynd er heitið og hann er ókeypis.

The Red Cross Helpline 1717 is a dedicated phone and chat for those who need someone to talk to in confidentiality.

No matter is too big or small for the helpline. Annually we receive about 15.000 contacts that are as diverse as they are many. Our volunteers are professionally trained, well-experienced and from all walks of life.

Żaden problem nie jest zbyt duży, lub zbyt mały dla Telefonu Zaufania 1717 i czatu internetowego Czerwonego Krzyża a co roku odbieramy około 15 tysięcy spraw, tak różnych jak jest ich wiele. Wyszukoleni i doświadczeni wolontariusze w każdym wieku odpowiadają na telefony 1717.



Samichlaus ferðast með tryggjum félagamönnum sínum, Schmutzli, á milli húsa þann 6. desember

Þægilegt andrúmsloftið í eldhúsinu. Amma tók fyrsta „Bretzeli“ úr vöflujárninu, gullinbrúnt og stökkt. Ennþá heitt þegar hún réttir mér góðgætið með brosi á vör. Þegar ég tel niður dagana og hugsa til baka til róandi andrúmslofts barnæsku minnar, hugsa ég um jólasveininn. Hjartað slær hraðar þegar ég hugsa til skemmtilegu stundanna þegar við földum okkur fyrir honum. Í mínu heimalandi er hann kallaði „Samichlaus“ og hann ferðast með tryggjum félagamönnum sínum, „Schmutzli“, á milli húsa þann 6. desember. Á hverju ári spratt upp blendin tilfinning af ótta og spennu þegar dyrabjöllunni

var hringt. En gleðin náði yfir höndinni þegar ég hafði farið með ljóðið sem ég lagði á minnið og jólasveinninn tæmdi úr poka sínum á borðið, sem var fullur af piparkökum, súkkulaði, mandarinum og hnetum.

Brakið í nýföllnum snjónum undir skónum mínum þegar ég geng um glitrandi Ólafsvík fylgir mér á leið minni að frosinni tjörninni, þar sem skautasvellið bíður. Hreint loftið kitlar kinnarnar og hlátur vina minna bergmálar í þögninni á þessu vetrarkvöldi. Jólamarkaðurinn í bænum færir yfir mig hátíðaranda og jólagleði. Litríkar seríur á milli básanna og ilmur af ristudum möndlum og kanil



Pottur með jólaglöggi



Fondue ostaréttur



Alexander, bróðir hans og afi að skreyta smákökur.

í loftinu. Í höndum mér held ég ekki aðeins á bolla af heitu eplapúns eða jólaglöggi heldur líka hlýjum minningum frá barnslegri tilhlökkun í hverjum sopa. Það var loksins komið að kvöldi 24. desember eftir að við bróðir minn höfðum beðið óþreyjufullir í herberginu okkar. Í einhverjum fjölskyldum er vani fyrir því að börnin bíði inni í herbergi á meðan jólin eru undirbúin. Dyrnar voru lokaðar og við biðum þolinmóðir á meðan rökkvaði úti og fulloröna fólkið kláraði síðustu handtökin. Svo heyrðist dauft klukkna-hljóm, það var loksins komið að því: Jólin voru komin. Dyrnar opnuðust og við fórum inn í stofu fullir tilhlökkunar. Það voru gjafir undir hátíðlegu jólatrénu, sem var skreytt af ástríðu, oft með dýrmætum erfðagrip-

um. Við skiptumst á gjöfum og nutum hátíðlegra veiga. Fondue og Raclette, frægir ostaréttir Sviss, gáfu hefðbundinni veislunni sérstakan blæ. Stundum var líka Fondue Chinoise, Fondue Bourguignonne eða innbökuð skinka með skorpu í laginu eins og lítið svín. Þægilegt andrúmsloftið þegar fjölskylda og vinir koma saman við matarborðið er veisla fyrir skynfærin, með dýrðlegum ilm, hefðum og innilegum hlátri.

Hér, á röltinu um Ólafsvík, samvinnast svissnesku vetrarhefðir barnæsku minnar við heillandi síði Íslands. Laufabrauðið, jólabókaflóðið, 13 jólasveinarnir og jólakötturinn, malt og appelsín, hangikjötið og margt fleira sem bætur hátíðleika jólaandans. Sérstaða hefða samfélagsins og einstaklinga skapar tengingu milli fortíðar minnar og lífs okkar núna hér á Íslandi. Fjölbreytt menningarblanda kemur fram og ég geymi gersem- ar beggja heima í hjarta mér.

Skál, fyrir fyrstu jólaminn- ingunni frá báðum löndum. Gleðileg jól!



Innbökuð skinka með skorpu í laginu eins og lítið svín.

Alexander Stutz
Strönd, Ólafsvík

*Sendi ykkur öllum
bestu jóla og nýárskveðjur.*

Þakka fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.



*Kveðja,
Clemens*



*Óskum íbúum Snæfellsbæjar
gleðilegrar jólahátíðar
og gæfuríks nýs árs.*

*Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.*



Litlu jól Smiðjunnar dagþjónustu



Þann 8. desember síðastliðinn gerðu starfsmenn og leiðbeinendur Smiðjunnar sér glaðan dag og héldu upp á Litlu jólin. Dagurinn hófst á því að skreyta piparkökur til að njóta næstu misseri með kaffinu núna fyrir

jólin. Því næst fóru starfsmenn og leiðbeinendur í Klif þar sem boðið var upp á dýrindis hádegismat.

Valentina tónlistarskólustjóri og Jenni tónlistarkennari komu til okkar og héldu fyrir okkur



jólalega tónleika að pakkaleik loknum.

Valentina og Jenni hafa nú komið til okkar á Litlu jólunum síðastliðin þrjú ár og má svo sannarlega segja að þau spila inn jólaandann hjá okkur. Yndis-

leg samverustund með þessu hæfileikaríka tónlistarfólki. Sendum þeim þakklætiskveðjur fyrir framlag þeirra á litli jólum okkar.

Deginum lauk svo á eftirrétti og fjölskyldustund með nánasta fólki starfsmanna.



GLEÐILEG JÓL

Við óskum Snæfellingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, með þökk fyrir viðskiptin á árinu




Jólapeysur í Ráðhúsinu

Starfsfólk Ráðhúss Snæfellsbæjar gefur lítið eftir þegar kemur að því að klæða sig upp en mikið hefur verið um þemadaga í haust og vetur. Nú síðast var jólafatadagur á vinnustaðnum þann 15. desember og sýnir meðfylgjandi mynd jólaandann sem ríkti á vinnustaðnum þennan daginn.

SJ



Útgerð Egils SH195 - Litlalón ehf.
óskar íbúum Snæfellsbæjar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Kæru vinir nær og fjar,
starfsfólk og leiðbeinendur Smiðjunnar dagþjónustu fyrir fólk með skerta starfsgetu óskar ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Viðjum við koma þakklæti okkar á framfæri fyrir þann ómætanlega stuðning sem hefur borist okkur í forni endurnýtanlegs varnings og verkefna frá samfélaginu.
Stuðningur ykkar allra er merkur þáttur í okkar starfi.

Tröllin sem stálu jólasveininum



1. kafli:

Týndi jólasveinninn

Eitt sinn í Jólalandi sat Sveinki í hægindastól (allir kalla jólasveinin Sveinki) og fór yfir lista um óþekk börn með kakó og kökur til að borða. Hann sá nafnið Tröllin það gat enginn krakki heitið Tröllin sagði hann með sjálfum sér svo allt í einu varð allt svart.

2. kafli:

Leitum að Sveinka

Kona Sveinka kom síðan með piparkökur en Sveinka var hvergi að sjá, hann var horfinn. Hún hringdi í alla álfa í Jólalandi til að leita að Sveinka. Þau fóru upp á skrifstofuna að leita að vísbendingum þá fundu þau miða sem stóð á Tröllin koma þá vissu þau hver stal jólasveininum.

3. kafli: Í tröllla helli

Jólasveinninn vaknaði í dimmum helli svo heyrði hann dink dink það varð hærra og hærra. Svo allt einu sá hann stóran grimman tröllkarl. Tröllkarlinn spyr: af hverju er sonur minn á lista yfir óþekk börn? Sveinki svarar: Því hann hatar jólín. Tröllkarlinn spyr síðan Sveinka hvort hann sé ekki svangur. Sveinki játar því, að hann sé svolítið svangur. Þeir gengu síðan inn í eldhúsið. Í eldhúsinu var stór pottur. Hvað er í matinn spurði Jólasveinninn. Þá sagði tröllkarlinn, það er jólasveina súpa. Sveinki spyr þá úr hverju eru jólasveina súpa bún til? Tröllkarlinn sagði þá úr þér og setti hann ofan í pottinn.

4. kafli: Björgum Sveinka

Kona jólasveinsins fór að spyrja alla í bænum um að hjálpa sér að bjarga jólasveininum. Hún fékk 1000 álfa, 500 hreindýr og 1.000.000 af snjókörlum. Við erum nógu mörg

til að sigra tröllin. Komum upp á fjall björgum Sveinka. Hrópar hún, þau löbðu lengra og lengra svo fundu þau Hellabæ þar sem tröllin búa. Svo sáu þau stærsta hellinn og þau vissu að Sveinki væri inni í honum. Verið alltaf viðbúin tröllin gætu komið hvenær sem er.

5. kafli:

Björgunarleiðangurinn

Þau örkuðu af stað til að bjarga Sveinka svo réðust þau á stærsta húsið enn svo stoppuðu þau því þau sáu að hin tröllin voru að horfa á sig. Snjókarlar passað húsin til að engin tröll ráðist á okkur. Okey við gerum það og hreindýr ráðist á tröllin fyrir utan, álfar þið komið með að bjarga Sveinka. Þau fóru inn í hellinn þá sáu þau þrjú tröll þau voru stór og grim. En álfarnir voru miklu fleiri og enginn álfur var hræddur við stóru tröllin. Þá sagði Kona Sveinka takið snjóbolta og kastið í tröllin! Haldið þið að við meidum okkur á svona litlum snjóbolt-

Óskum Snæfellingum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



um heyrðist í tröll kallinum. Þá sagði kona Sveinka, þið meiðið ykkur ekki á venjulegum snjóbolta en ég veit um snjóbolta sem geta meitt ykkur. Þeir heita klaka boltar og svo köstuðu þau boltunum.

6. kafli: Sveinka bjargað

En Tröllkarlinn tók skjöld af veggnum til að verja sig frá klaka boltunum, en tröllin voru of upptekin til að fatta að kona Sveinka læddist í burtu að leita að Sveinka. Hún fann Sveinka í

stórum pott og bjargaði honum upp úr pottinum. Síðan læddist hún með Sveinka aftur út. Snjókarlar, hreindýr og álfar, komið! Þau örkuðu síðan aftur að Jólalandi en tröllin kölluðu við finnum ykkur í fjöru og launum ykkur lambið gráa. Síðan varð allt eins og það var og Sveinki fór og gaf öllum börnum gjafir á jólunum.

Endir

*Bergur Ingi Þorsteinsson
og Kacper Bilevicius
5. bekk Grundarfirði*

*Gleðileg jól og gæfuvíkt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á liðnu ári.*



*Óskum Snæfellingum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin.*



*Óskum Snæfellingum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.*



Gleðileg jól

*Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól og farsælt nýtt ár.*

*Þökkum gott samstarf á árinu
sem senn er liðið.*

*Kær kveðja,
starfsfólk
Grunnskóla Snæfellsbæjar*



GRUNNSKÓLI
SNÆFELLSBÆJAR

*Við óskum íbúum Snæfellsness
starfsfólki og viðskiptavinum gleðilegra
jóna og farsæls komandi árs*



*Meði nýja árið vera ykkur
hamingjuríkt og gjöfult.*



Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt
að skanna QR merkið hér að ofan
með myndavélinni í símanum.

Adventure Hotel Hellissandur

óskar Snæfellingum gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.
Þökkum fyrir hlýjar móttökur og hlökkum til
að taka á móti ykkur á næsta ári.



Jólasurningar

Óskum starfsfólki okkar
og öðrum Snæfellingum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.



Soffanías Cecilsson hf.
Útgerð - Fiskverkun



Dagbjört Lína Kristjánsdóttir

Hvað kemur þér í jólasþap?
Hlusta á Borgardætur

**Hver er þín fyrsta
jólaminning?**

Þegar ég fékk risa stóra
dúkkuna í gullfallegum blúndu-
kjól.

**Hver er þín uppáhalds
jólaminning?**

Í uppveztinum þá fórum við

alltaf til móðurömmu minnar
eftir matinn á aðfangadags-
kvöld. Amma var alltaf með
tertur og heitt súkkulaði með
rjóma. Afi og amma bjuggu í
mjög litlu húsi en alltaf komust
allir fyrir og nutum við sam-
verunnar.

**Besta eða eftirminnilegasta
jólagnif sem þú hefur fengið?**

Ný skíði frá manninum mínum
sem voru afhent í ratleik.
Hafði töluvert fyrir því að finna
þau og skíðaði ég marga vetur
á þeim.

**Hver er uppáhalds
jólamatgurinn þinn?**

Kalkúnn með góðri fyllingu.

**Hvað finnst þér vera besta
jólagnif?**

Amma engill með Borgar-
dætrum.



Gleðileg jól & farsælt komandi ár!

Við óskum þér og fjölskyldu þinni gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða og hlökkum til að taka á móti ykkur á nýju ári.



2023

Jólaepli og Miranda



**Þorgrímur Þráinsson, rit-
höfundur og fyrirlesari, rifjar
upp jóla-æskuárin í Ólafsvík
en hann flutti þangað 11
ára, 1970 og bjó þar til ársins
1983.**

Hvar hafa dagar lífs þíns lit sínum
glatað,
og ljóðin, er þutu um þitt blóð
frá draumi til draums....

Þetta eru upphafslínur ljóðs-
ins Söknuður eftir Jóhann Jóns-
son skáld (1896-1932) frá Ólafsvík.
Ég tengi við upphafslínurnar,
jafnvel þótt mínir dagar hafa

síður en svo lit sínum glatað en
ég sakna Ólafsvíkur, Rífs, Hell-
issands, hótél Búða, Hellna,
Staðarsveitar, æskuáranna sem
mótuðu líf mitt fyrir lífstíð. Það
er gott að vera með Snæfells-
nes í blóðinu og anda því að
sér reglulega. Mig langar heim!

Ég sakna jólanna í Ólafsvík
þegar allir voru frjálisir og
ekki hægt að sökkva sér ofan í
„snjalltækin“ sem slökkva á líf-
sneistann og ræna sum nútíma-
börn æskuárunu.

Fyrstu jólin mín í Ólafsvík
voru við Ennisbraut 35, þar
sem við bjuggum eftir að við
fluttum úr Kópavogi. Ég man
þegar pabbi kenndi mér að
skjóta af haglabyssu á gamlaárs-
kvöld til að fagna árinu 1971.
Ég var ellefu ára og hrökk næst-
um úr axlarlið!

Við færðum okkur fljótlega
yfir á Ennisbraut 12 og ég man
eftir Miranda í viðarkassa, 24
glerflöskur og eplakassana sem
voru eins og gullkista. Eplalykt

um jólin, einu sinni á ári. Jesús
minn hvað þau voru góð! Ég
man malt- og appelsínblöndu
að viðbættu smávegis af kóka-
kóla til að fríska upp á drykk-
inn. Ég man Heims um ból,

kirkjukórinn og tárin sem láku
niður kinnar sumra. Ég man
svartfuglinn sem var steiktur á
pönnu. Lostæti. Ég man kopar-
leit okkar strákanna allt árið um
kring en sjómenn sigldu síð-



Greinarhöfundur að æfa spjótkast í Ólafsvík.



*Snæfellingum óskum við
gledilegra jóla
og þarsældar á nýju ári.*

*Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.*

Opnunartími yfir hátíðar:

Mánud. - fimmtud. 08:00 - 17:00

Föstudagur 08:00 - 16:00

Þorláksmessa 10:00 - 14:00

Aðfangadagur LOKAÐ

Gamlársdagur LOKAÐ



Smiðjan Fönix
sími 436 6500

Smiðjugötu 6, Fifi

an með koparinn til útlanda og seldu. Komu svo til baka með sælgæti, toblerón, makkintoss og annað framandi gotterí. Ég man fólkið flykkjast í pósthúsið, sumir með hettu yfir höfðinu, til að sækja áfengi sem kom í póströfu með rútunni. Ég man fylliríð sem mig langar ekki að muna og afleiðingar þess, en var þó hluti af lífinu, þroska hvers og eins.

Ég man snjóinn sem lagðist eins og þykkt teppi yfir Ólafsvík ein jól. Það gerði blindbyl, stóri-sunnan skellti snjó yfir bæinn klukkutímum saman þannig að sumir skaflar náðu upp á húspökin. Allir í kósýheitum innandyra, saddir og sælir, hver í sínu horni að lesa, spila, spjalla. Eða hlusta á Jón Múla í útvarpinu.

Síðan var eins og Jesús Kristur hefði ákveðið að skrúfa fyrir eftir að hafa búið til leikvöll fyrir okkur krakkana því það datt allt í dúnalogn. Hvað gera krakkar þá? Þeir rjúka út löngu eftir miðnætti til að leika sér í snjónum, hoppa niður af húspökum ofan í skaflana, grafa göng, fiflast og njóta. Helgi Bjargar, Logi Úlfjólts, Jóhannes, Jónas og fleiri, hvílik gleði og hamingja, alvöru vinskapur sem mun endast um aldur og ævi. Ólafsvík er okkar og hún rokkar!

Og um jólin var stundum mofskírí. Þá þurfti að vinna, nótt sem nýtan dag til að bjarga verðmætum. Krakkar að afháusa fiska, fletja, stafla, allt eftir kúnstarinnar reglum sem okkur var treyst fyrir. Í dag myndi það kallast barnarþrælkun en þetta var ÞROSKI; að bera ábyrgð, læra að vinna, vera stundvís, leggja sig fram, seigla



Börn á skautum í Gilinu í Ólafsvík um 1970. Ljósmynd: Þórður Þórðarson.

og dugnaður. Þá var í lagi að vera þreyttur, syfjaður, svangur, úrvinda, í blautum vinnuhönskum en það gerði okkur að mönnum, að fá að vinna eins og fullorðnir. „Hvar hafa dagar lífs míns lit sínum glatað?“

Jólin voru samvera kvölds og nætur. Hversu oft sátum við Helgi og Logi, Þorgó systir og fleiri við eldhúsbordið og spiluðum fram eftir nóttu. Skriðum kannski uppí undir morgun. Tíu eða Hornafjarðarmanni eða hvað þetta hét. Svo má ekki gleyma kapphlaupinu út í sjoppu þegar flugeldarnir komu með flutningabílum. Við guttarnir vissum hvaða flugeldar voru heppilegar sprengjur. Við fjarlægðum spýtuna og teipuðum vel yfir flugeldinn sem breyttist þá í sprengju, kíhverja. Svo var kveikt í og sprett úr spori. Engar rúður brotnar.

Laufabrauðgerð var hluti af jólunum, fínheit og fagmennska, gott að næla sér í bita af deiginu. Og þegar nýjar bíómyndir voru sýndar í félagsheimilinu, þar sem Ottó réð

ríkjum, mætti ég snemma til að ná húninum. Og svo var beðið, í klukkutíma þar til miðasalan hæfist. Við urðum nefnilega að ná bestu sætunum, fremst á upphækkuninni, upp við vegginn. Engir glókollar eða hárkollur sem skyggðu á okkur. Risatjald með John Wayne,

Clint Eastwood og barmamíklum leikkonum.

Bráðum koma blessuð jólin, börnin fara að hlakka til! Ég þakka fyrir mig, kæra Ólafsvík og þið öll.



Mirinda gos og rauð epli er hluti af því sem Þógrímur tengir við jólin.



PASTEL
hárstofa
pastelbud.is

Sendum viðskiptavinum og Snæfellingum öllum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu.

Knattspyrnusumarið 2023



Eftir erfið og lærdómsrík tímabil í fótboltnum undanfarin ár má með sanni segja að Víkingur Ólafsvík hafi náð að rétta aðeins úr kútnum og að árið 2023 hafi verið skref í rétta átt.

Eftir tímabilið 2022 lét Guð-

jón Þórðarson af störfum sem þjálfari liðsins og okkar eigin Brynjar Kristmundsson tók við starfinu. Brynjar hafði þá verið aðstoðarþjálfari liðsins í 3 tímabil undir þremur mismunandi aðalþjálfurum og hafði því

safnað að sér góðri reynslu.

Veturinn fór í að safna liði fyrir átök sumarsins og að spila á undirbúningsmótum. Brynjar náði hratt og örugglega að setja svip sinn á liðið sem lék á köflum fantagóðan fótbolta á undirbúnings tímabilinu.

Liðið byrjaði fyrstu leikina vel, var með sjö stig eftir fyrstu þrjá leikina og allt leit vel út. Þá kom reyndar skellur í Breiðholtinu þar sem liðið tapaði 7-0 gegn ÍR. Eftir stórtapið gegn ÍR sýndu strákarnir hinsvegar úr hverju þeir eru gerðir og komust á gott strik. Þegar mótið var hálfnað voru Ólsarar á toppi deildarinnar, á stað sem liðið hafði ekki verið á lengi.

Eins og áður segir lék liðið á köflum gríðarlega vel en sökum meiðsla tókst liðinu ekki

að halda dampi út mótið. Liðið endaði að lokum í 5.sæti mótsins með 38 stig, sem er 10 stiga bæting frá árinu á undan.

Á lokahófinu var Luke Williams valinn bestur, Björn Axel Guðjónsson var markahæstur og Asmer Begic var efnilegastur. Þá fékk Brynjar Vilhjálmsson viðurkenningu fyrir 100 leiki.

Það er ljóst að stór skref voru tekin á árinu. Ungir heimamenn náðu sér í mikla og góða reynslu sem mun vafalaust nýtast liðinu vel á næstu árum. Undirbúningur fyrir knattspyrnusumarið 2024 er nú þegar hafinn og þar ætlum við að halda áfram að byggja ofan á það góða sem við gerðum seinasta sumar.

Jóhann Pétursson

Sameiginlegt jólaball í Snæfellsbæ

Fimmtudaginn 28. desember kl. 16.30 - 18.00
verður sameiginlegt jólaball á vegum
félagasamtaka í Snæfellsbæ.

Jólaballið verður á Klifi

Hefðbundin dagskrá:

Veitingar, jólasveinar og dansað í kringum jólatré.

Miðaverð er 500 kr. og enginn posi,
börn skulu vera í fylgd með fullorðnum.

Allir velkomnir - Góða skemmtun

Kvenfélag Ólafsvíkur
Kvenfélag Hellissands
Lionsklúbburinn Rán
Lionsklúbbur Nesþinga



Óskum öllum Snæfellingum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.

G.RUN



*Gledileg jól
og farsælt komandi ár.*

*Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.*

T.S.
Vélaleiga

Jólasurningar



Viðar Gylfason

molum hengdum á, svo mátti ég fá mér einn mola á dag til jóla.

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Þegar við bræðurnir vorum að blanda maltið og appelsín-ið sem átti að drekka með Jólá-rjúpunni.

Besta eða eftirminnilegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Fótbolti sem ég fékk í jólagjöf þegar ég var 8 ára, þá var spilaður fótbolti allan næsta dag með nýja boltann í snjónum.

Hvað kemur þér í jólasþap?

Ekta jólasnjór og hlusta á Ragga Bjarna syngja aðal jólagið sitt.

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Þegar ég fékk jóladagatal frá afa og ömmu. Það var jólasveinn með 24 makkintoss

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Rjúpa að sjálfsögðu. Skritin jól ef engin rjúpa er á borðum

Hvað finnst þér vera besta jólagið?

Jólagið með Ragga Bjarna að sjálfsögðu.

Hafkaup

*Óskum viðskiptavinum og
Snæfellingum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum ánægjuleg viðskipti
á árinu sem er að líða.*



Týndi jólasveinninn



Persónur: Gunna, Jón, Mamma, Pabbi, Jólasveinninn,

Kafli 1.

Það voru að koma jól, krakkarnir voru mjög spenntir. Mamma hvenær kemur jólasveinninn sagði Gunna. Hann kemur í kvöld sagði mamma. Jeij sögðu krakkarnir í kór. Ég er mjög spenntur sagði Jón glaður. Halló krakkar, hæ pabbi veistu hvað jólasveinninn kemur í kvöld sögðu þau um leið og hann kom inn. Er það sagði pabbi

og klæddi sig úr útifötunum. Matur kallaði mamma. Ok hvað er í matinn? Það er svínasteik í matinn, nammi uppáhaldið mitt sagði Jón. Hvenær opnum við pakkana. Á morgun sagði pabbi, drífið ykkur að borða. Þau klárðu matinn og fóru svo að sofa. Daginn eftir vöknudu þau eld snemma og kíktu hvort pakkarnir voru komnir þeir voru það ekki. Mamma pakkarnir eru ekki komnir sagði Gunna mjög leið. Æi sagði mamma, hefur Sveinki gleymt okkur sagði Jón leiður. Nei ég held ekki sagði mamma. Þau fóru döpur niður og fóru að fá sér morgunmat. Þá sagði Gunna við Jón hei við getum farið að finna Sveinka. Já sagði Jón glaður og hljóp upp til mömmu. Mamma við ætlum að fara finna Sveinka sagði hann. Ok ég skal gera nesti. Takk mamma.

Kafli 2.

krakkar drífið ykkur að klæða ykkur segir mamma. Mamma bjó til nesti og krakkarnir lögðu af

stað. Þau löbbuðu og löbbuðu svo stoppuðu þau og fengu sér nesti. Þetta er erfitt sagði Jón. Já sagði Gunna. hó hó heyrðirðu þetta sagði Gunna. Já ég heyrði það sagði Jón. hó hó Sveinki sögðu þau í kór. hæ krakkar mínir. Hæ Sveinki hvað gerðist sögðu þau. Sleðinn minn bilaði og ég næ honum ekki af stað getið þið hjálpað mér sagði hann. Já auðvitað getum

við hjálpað þér. Þau hjálpuðu honum og hann fór í gang og þau voru mjög glöð. Viljið þið fá far heim. Já takk sögðu þau í kór og já pakkarnir ykkar. Takk fyrir. Þau flugu heim og fóru að segja foreldrum sínum alla söguna og lifðu góðu lífi að eilífu.

Endir.

Ísabella Ósk Davíðsdóttir,
5. bekk Grundarfirði.

*Óskum Snæfellingum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.*

Þökkum viðskiptin.



TÖLVUVERK
bókhaldsþjónusta



*Sendum starfsfólki og öðrum Snæfellingum
ósk um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.*

*Þökkum samstarf og samskipti
á árinu sem er að líða.*



*Kæru íbúar Snæfellsþéttbýlis,
okkar bestu óskir um gleðileg jól
og farsæld á komandi ári*



TólaKveðja



*Viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
óskum við gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

Þökkum viðskiptin á árinu.

**FISKMARKAÐUR
SNÆFELLSBÆJAR**

Sími: 431 3600 - fmsnb@simnet.is
Farsímar: 853 1002 & 853 1003



Framúrskarandi
fyrirtæki

Jólabasar Lions Grundarfirði

Lionsklúbbur Grundarfjarðar hélt sinn árlega jólamarkað 6. desember síðastliðinn. Að þessu sinni var markaðurinn staðsettur í Gamla netaverkstæðishúsi G.RUN. Í boði var ýmist góðgæti, rúgbrauð, flatkökur, smákökur auk fiskmetis og leiðisgreina. Einnig voru góðir félagar klúbbsins sem hituðu jólaglögg og rist-uðu jólamöndlur sem fyllti húsið af góðum ilm, jólasveinar gengu

á lyktina og glöddu börnin jafnt sem fulloröna. Markaðurinn hefur verið árlegur viðburður hjá Lionsklúbbi Grundarfjarðar og hafa fyrirtæki verið gjöful að styrkja klúbbinn um aðföng til að selja. Vill klúbburinn koma bestu þökkum áleiðis til þeirra en allur ágóði markaðarins rennur til góðra mála í samfélaginu líkt og undanfarin ár.

SJ



Leikskóli Snæfellsbæjar óskar börnum og fjölskyldum þeirra gledilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Med þökk fyrir góð samskipti og samvinnu á árinu sem er að líða.

Jólakveðja
Starfsfólk leikskóla Snæfellsbæjar

KG



KG. fiskverkun ehf.

*Snæfellingum og landsmönnum öllum óskum við
gledilegra jóla og farsældar á komandi ári*





Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Grundarfjarðarhöfn
Meginþjónustuhöfn Vesturlands



Þjónustuaðilar Grundarfjarðarhafnar:

DJÚPIKLETTUR



Grundarfjarðarhöfn

RAGNAR & ÁSGEIR EHF



G.RUN
NETAGERÐ



FISKM



Snæís


Mareind
Siglingatæki - Sala og þjónusta


ARKAÐUR
ÍSLANDS

FISKMARKAÐUR
SNÆFELLSBÆJAR 


VÉLSMIÐJA
GRUNÐARFJARÐAR

Jólafröndur á Krílakoti

Jólafröndur foreldrafélagsins á leikskólanum Krílakoti fór fram í leikskólanum 13. desember síðastliðinn. Komu þá börn á leikskólanum ásamt foreldrum, systkinum eða öðrum aðstandendum og fönðruðu saman. Að þessu sinni var fönðrað jólatré

sem hægt að hengja á jólatré eða annarsstaðar til skrauts. Um 20 börn mættu á jólafröndrið ásamt foreldrum eða forráðamönnum að þessu sinni og átту börn og fullorðnir notalega stund saman í aðdraganda jóllanna.

SJ



Sendi öllum ættingjum og vinum mínar bestu jóla- og nýársóskir með þökk fyrir það liðna.

Kær kveðja
Bjarni Ólafsson, Geirakoti

Kæru Snæfellingar

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsæld og frið á nýju ári.*

*Þökkum góð samskipti á árinu
sem er að líða.*

Opnunartími yfir hátíðirnar:

- 23. des 12-21
- 24. des 11-13
- Virka daga 14-18

Verlunin Hrund
Ólafstraub 55 Sími: 436 1165



Síðasti skiladagur fyrir bækur er 5. janúar

Jólasurningar



Ragnar Smári Guðmundsson

Hvað kemur þér í jólasþap?

Samveran með fjölskyldunni og matarmenningin í kringum jólin

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Þær renna svolítið saman í eitt hjá mér. Ætli að það sé ekki bara að opna þakkað við jólatréð sem barn.

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Systir mín fékk einusinni grænt teppi í jólagjöf sem hún fagnaði mjög. Sagði að það væri einmitt það sem hana hafi alltaf langað í. Hún hafði ekki klárað setninguna áður en hún sleppti teppinu og sparkaði því undir sófa.

Besta eða eftirminnilegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?


Mér fannst allaf best að fá Liverpool búning í jólagjöf. Man þó að ég fékk einu sinni Liverpool úlpu sem var alltaf í sérstöku uppáhaldi hjá mér.

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Ég hef alist upp við að borða fisk á aðfangadag. Þá erum við með steinasteik og allskonar fisktegundir á boðstólum. T.d. sandhverfu, skötusel, rækjur og humar

Hvað finnst þér vera besta jólagagið?

Ég er með tvö jólalög sem koma mér í gírinn. Það er Stúfur með Baggalút og Frikka Dór og svo Þegar þú blikkar með Herra Hnetusmjör og Björgvini Halldórs.



*Útgerð og starfsfólk
óska iðium Snæfellsbajar
gleðilegra jóla, árs og farsældar
á komandi ári.*

Jólasurningar



Karen Olsen

Hvað kemur þér í jólasþap?

Jólaþósinn, jólalög, og enn betra ef það er snjór.

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Man bara alltaf eftir hvað það var gaman um jólin því allir voru heima og saman, að borða góðan mat og njóta.

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Ætli það hafi ekki verið þegar ég fékk kettling í jólapakka, var svo hrædd við hann að ég þorði ekki að halda á honum.

Besta eða eftirminnilegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Kettlingurinn minn, er sennilega eftirminnilegasta jólagjöfin.

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Nautakjötið hjá systur minni og mág um Áramótin, KLIKK-AR aldrei.

Hvað finnst þér vera besta jólagagið?

Last Christmas, allan daginn og Dansaðu Vindur kemur sterkt inn líka.



Jólin mín

Vetrarsólstöður eru á næsta leyti og þá gleðjumst við yfir því að daginn tekur að lengja á ný.

Frá því að ég man eftir mér einkenndist desember af mikilli vinnu þar sem foreldrar mínir ráku verslunina Blómsturvellir á Hellissandi í rúm 50 ár, eða öll mín uppvaxtarár og þar til í maí 2019. Á Blómsturvellum var ætíð mikil jólastemning, opið öll kvöld, laugardaga og sunnudaga og alltaf til kl 23 á Þorláksmessu, því mátti alls ekki breyta, og þegar heim var komið, einhvern tímann um miðnætti var hafist handa við að skreyta jólatréð. Ég er ekki frá því þegar ég hugsa tilbaka að borðhaldið hafi oft á tíðum verið líkt og í auglýsingunni þar sem grænu baunirnar voru „skannaðar“ þegar þær voru réttar yfir til þess sem sat við hliðina.

Jólavertíðin var annasamur tími og viðveran mikil en desember var jafnframt sá allra skemmtilegasti í verslunarrekstinum. Það sem ég sakna mest er að hitta ekki allt fólkið sem lagði leið sína á Blómsturvellir. En nú 4 árum síðar erum við fjölskyldan aftur komin í rekstur og finnst mér sérstaklega ánægjulegt að hitta bæjarbúa og fá að þjónusta á ný.

Barnæskan er umvafin ljúfum minningum þar sem ég hafði



Júníana ásamt foreldrum sínum, Óttari og Írisi þegar Blómsturvellir opnuðu árið 1986.

ömmu og afa á sitt hvorri þúfunni við heimili okkar. Tryggva og Leifu annars vegar og Ástu ömmu og Bubba afa í Hraunprýði hins vegar. Fyrstu 6 ár ævinnar bjuggu svo einnig Júníana langamma mín og Friðbjörn langafi á gömlu Blómsturvellum, eina sem skildi að var fjárhúsið og túnið á milli og leiddist mér ekki að labba þar um á leiðinni til ömmu og leita að Lukku minni sem ég átti í sameign með ömmu Júnu og færa henni smá brauð eða annað góðgæti.

Pabbi hafði alltaf ljós í fjárhúsunum yfir jólahátíðina, fannst mér notalegt að hugsa til

þess að í fjárhúsunum væri líka ljós og friður líkt og hjá okkur mönnum.

Á aðfangadag var rölt á milli og desertinn tekinn líklega þrisvar og drukkíð heitt súkkulaði á öllum stöðum og nokkrar sortir af smákökum með. En ekki mátti spila á að-

fangadag, það þurfti að bíða þar til á annan í jólum og þá var sko spilað í öllum jólaboðum. Nálægðin við ömmur og afa er svo sannarlega það dýrmætasta þegar ég horfi tilbaka og hugsa um æskuna.

Mér hefur alltaf fundist gaman að spila, enda var mikið spil-



Júníana ánægð með útvarp sem hún fékk í jólagjöf.

Gleðileg jól

og takk fyrir samskiptin á árinu!

Bogi Molby Pétursson
Löggiltur fasteignasali
699 3444
molby@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA
Sími 510 7900 - www.fastlind.is

að á heimilinu og hjá okkur fjölskyldunni. Við systkinin vorum dugleg að spila og man ég að Ási og Tryggvi fengu yfirleitt ekki frið þegar þeir komu heim í hádegismat úr vinnu, alltaf náði ég að plata annan þeirra til þess að taka nokkra Rússa við mig. Ég hafði mikið keppnissskap og vildi auðvitað alltaf vinna, stundum var ég búin að gera allt klárt fyrir spilamennskuna og var búin að gefa, 9 spil voru komin á hvolf á gólflið og 9 spil snéru upp, þetta passaði voða vel fyrir 4 ása og 4 kónga sem snéru niður (mín megin að sjálfsögðu) eftirleikurinn var auðveldur og ég vann auðvitað spilið! Aldrei man ég eftir að þeir hafi sakað mig um svindl.... kannski föttuðu þeir ekki trikkið og uppljóstrast þá hér mitt mesta svindl um ævina!

Ég beið líka alltaf með mikilli tilhlökkun eftir að Tryggvi Leifur kæmi heim í jólafrí úr Menntaskólanum á Ísafirði. Við gátum setið langt fram á nætur að spila spurningaspilið Trivial Pursuit og gætt okkur á smákökonum hennar mömmu

svo ég tali nú ekki um heimalagaða ísinn, oftast en ekki (alltaf) þurfti mamma að gera fleiri porsjónir en til stóð þar sem ísinn rann ljúft niður við spilamennskuna.

Áherslur tengdar jólonum hafa breyst eftir því sem maður eldist og þroskast. Mesta tilhlökkunin sem barn var að fá marga pakka en nú finnst mér mikilvægast að hafa börnin hjá okkur og barnabarn, fylgjast með þeim og finna hvað samvera fjölskyldunnar er okkur öllum dýrmæt, sjá brosin og tilhlökkunina.

Jólahátíðin kallar fram það góða í fólki. Við viljum að öllum líði vel og umhyggja í garð náungans nær hámarki. Barnæsku mína var ávallt sú hefð á Blómsturvöllum á aðfangadag að færa vinum og þeim sem minna máttu sín fallegt jólaskraut eða annað lítillæði í tilefni jólanna, þetta kallaði fram hlýju í hjartanu og hinn sanna jólaanda.

Alltaf var farið til kirkju á aðfangadag og það gerum við



Fjórir ættliðir, Júníana Björg, Guðlaug Íris, Gunnleif og Guðlaug.

fjölskyldan enn í dag, ekkert finnst mér jólalegra en þegar kirkjukórinn á Ingjaldshóli syngur Heims um ból í lok messunnar með ljósin slökkt og kerti í hönd, þá eru jólin komin hjá mér.

Pabbi tók upp á því fyrir mörgum árum að færa heimilisfólkinu á Jaðri jólagjöf frá okkur á Blómsturvöllum og fór hann í heimsókn á Jaðar á aðventunni, hélt smá tölu og drakk svo kaffi með íbúum. Börnin mín voru ávallt með í för, eitt tók við af öðru eftir því sem þau eltust og eru heimsóknirnar á Jaðar dýrmæt minning hjá þeim, að hafa átt þessa stund með afa Óttari í góðra vina hópi. Þessar heimsóknir færðu þeim öllum gleði og hlýju i hjartað og eins og Brynjar Óttar komst svo vel að orði eftir síðustu heimsóknina, „mamma, nú geta jólin komið hjá okkur“

Pabbi lést á Jaðri umvafinn

fjölskyldunni, um jólahátíðina fyrir 2 árum og veit ég að honum leið vel að vera kominn heim og geta kvatt þar sem hann hafði átt svo margar góðar stundir.

Þegar kemur að áramótum gleðst maður mest yfir því að nýtt ár bíði manns og maður fái enn að vera þátttakandi í þeirri hringferð sem lífið er. Ljósið sigrar myrkið og maður fær dýrmætt tækifæri til þess að gera enn betur, læra af vegferðinni, bæði því sem vel var gert en ekki síður af því sem miður fór og verða betri manneskja.

Fögnum því að fá ný tækifæri, umvefjum fjölskyldu, vini og samferðamenn hlýju og umhyggju og njótum jóla og áramóta.

Jólakeðja
Júníana Björg Óttarsdóttir

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum viðskiptin á árinu.



Símenntun á Vesturlandi

ÓSKAR ÖLLUM

gleðilegra jóla árs og friðar

MEÐ ÞÖKK FYRIR
SAMSTARFIÐ Á ÁRINU
SEM ER AÐ LÍÐA



Hlökkum til að taka á móti ykkur í náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og fræðslu á nýju ári

www.simenntun.is

SIMENNTUN@SIMENNTUN.IS - 437 2390



Deloitte.

Við óskum Snæfellingum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.

Pökkum fyrir liðið ár!



Lionsklúbburinn Rán gefur jólaglaðning

Um miðjan desember fór verkefna- og líknarnefnd Lionsklúbbsins Ránar á stúfana með jólalegan glaðning í Smiðjuna og á dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar. Þessari árlegu aðventu sendingu klúbbsins er ætlað að gleðja heimilisfólk á Jaðri og starfsmenn og leiðbeinendur Smiðjunnar í aðdraganda jólaanna. Verkefna- og líknarnefnd

Ránar skelti sér í búðir og verslaði allskyns jólalegt í föstu og fljótandi formi sem er hægt að gæða sér á á meðan beðið er eftir jólunum. Að vanda var gjöfunum tekið fagnandi enda fáir sem slá hendinni á móti jólalegu góðgæti til að gæða sér á á aðventunni.

SJ



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þakka viðskiptin á árinu sem er að líða.



Eiríkur Gautsson,
múrarmeistari

Jólasögusamkeppnin

Hvar er Jólakötturinn?



Þar fann hann Jólaköttinn sem hafði líka dottið ofan í sömu holu. Þá hjálpast þeir að Jólakötturinn og Stúfur að leita að leið út úr holunni. Þeir ná að byggja sér stiga úr klaka og komast þannig upp úr holunni. Þegar þeir komu upp var alltof mikill snjór þannig að þeir náðu ekki að sjá í kringum sig. Stúfur leit í allar áttir og sá ekki neitt og áttaði sig þá á því að hann var orðinn áttaviltur. Stúfur var orðinn hræddur, þá sá hann útlendinga sem hjálpuðu honum að komast yfir snjóinn. Eftir það áttaði hann sig á því hvar hann var, og náði þannig að rata með Jólaköttinn heim í Grýluhelli. Þar var Grýla orðin verulega hrædd um Stúf og Jólaköttinn. Stekkjastaur, Giljagaur og Þvörusleikir komu til Stúfs og fóru með hann inn í eldhús að fá sér heitt kakó. Síðan var kominn tími til að fara að sofa því að á morgun væri Aðfangadagur. Stúfur var mjög kátur að hafa fundið Jólaköttinn og sofnar fljótt eftir langan dag.

Það var Þorláksmessunótt, Kertasníkir var að setja gjafir í poka og Stúfur var að leita að Jólaköttinum. Jólakötturinn var hvergi sjáanlegur, hann ákvað því að fara með Kertasníki að gefa í skóinn og í leiðinni að leita að jólaköttinum. Þeir fóru saman út úr hellinum. Úti var mikill snjór og þeir þurftu að troðast í gegnum snjóinn, og stundum þurftu Kertasníkir að halda á Stúfi. Það var komið að því að Kertasníkir þurftu að fara að setja í skóinn hjá krökkunum þannig þeir kvöddust við Reykjavík.

Stúfur fer þá að leita að Jólaköttinum og dettur þá ofan í holu,

Bergur Ingi Þorsteinsson,
5. bekk.



Jólasurningar



Regína Ösp Ásgeirsdóttir

og gaf okkur systkynum gjafir - Hurðaskellir mætti og braut hurðakarminn

Hver er þín uppáhalds jólaminning?

Þegar við vorum búin að opna pakkana þá var farið heim til ömmu Löllu í heitt súkkulaði, nýbakað brauð og kökur.

Besta eða eftirminnilegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Eftirminnanlegsta jólagjöfin er sennilega dúkka sem ég fékk um 6-7 ára, hún var stærri en ég - eitt skipti lét ég hana í stól og pabbi hélt að þetta væri vinkona mín og óskaði henni gleðilegra jóla

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Ég ólst upp við að hafa rjúpur sem mér þykir mjög góðar en við fjölskyldan mín höfum hamborgarhrygg. Mér finnst ómissandi að hafa rækjukokteil í forrétt

Hvað kemur þér í jólaskap?

Ég er alltaf byrjuð að telja niður til jóla í október! Er mikið jólabarn og elska allt við jólin. En mér finnst jólin vera komin þegar ég hlusta á jólatónleika Bubba á þorláknessukvöld og geri frómasinn hennar ömmu Löllu á meðan

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Ætli að það sé ekki bara á aðfangadagsmorgun þegar jólasveinninn mætti heim til okkar

Hvað finnst þér vera besta jólagjöf?

Dansaðu vindur

*Við óskum starfsmönnum og landsmönnum öllum
gledilegra jóla og farsæls komandi árs.*

Kristinn J.
Friðbjólfsson ehf.



Jólaopnun hjá Útgerðinni

Miðvikudagskvöldið 13. desember buðu stelpurnar í Útgerðinni, Pastel hárstofu og Snyrtistofunni Glóey upp á léttu jólagleði í Útgerðinni, árleg hefð sem hefur fest í sessi í bæjarfélaginu. Það var gríðarlega góð þátttaka að þessu sinni og mættu rúmlega 100 manns á opnuna á tveimur tímum. Vínstofan í Útgerðinni var opin, stelpurnar buðu upp á tilboð á vörum sínum auk þess sem barnafataverslunin Mó Mama mætti á svæðið með vönduð barnaföt, Heimir Ívarsson og Marta Pétursdóttir seldu gæs á veisluborðið og

Kári Viðarsson lék lifandi tónlist fyrir gestina. Fólki verslaði jólagjafir, gerði vel við sig sjálft og naut stundarinnar í heimabyggð. Árlega happdrættið var á sínum stað þar sem einn heppinn viðskiptavinur var dreginn út og hlaut veglegan glaðning frá versluninum. Á meðfylgjandi mynd eru Nadía og Sóley frá Mó Mama, Kári Viðarsson sem sá um tónlistina, María á Pastel Hárstofu, Margrét Eir á Snyrtistofunni Glóey og Rut frá Útgerðinni. Þá vantar Maríu og Víglund sem stóðu vaktina fyrir foreldra sína í gæsasölunni.

SJ



Jólabætur frá Fornu-Frjóða.

*Óskum ættingjum og vinum nær og fjar gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.*

Þökkum ánægjustundir á liðnum árum

Sibba og Sigþór



Bifreiðaverkstæði Ægis

*óskar Snæfellingum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

Þökkum viðskiptin á árinu

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

Jólaútlarp GSNB



Árlegt jólaútlarp Grunnskóla Snæfellsbæjar var í loftinu dagana 11. til 15. desember. Þetta er í áttunda sinn sem grunnskólinn heldur úti jólaútlarpi í aðdraganda jólanna en það fór fyrst í loftið árið 2016. Nemendur í öllum deildum og bekkjum skólans spreyttu sig í að koma fram í áhugaverðum útlarpsþáttum, auk þess sem starfsfólk skólans og meðlimir Kvenfélags-

ins á Hellissandi sáu um þáttarstjórn. Mikil vinna hefur farið í dagskrárgerð, auglýsingasöfnun og gerð auglýsinga en eins og svo oft áður slógu auglýsingarnar í gegn hjá hlustendum. Nemendur semja og taka upp auglýsingarnar sjálfir og sjaldan skemmta hlustendur sér jafn vel við að hlusta á auglýsingar.

SJ

*Óskum Snæfellingum
gledilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum samskiptin
á árinu sem er að líða*

V/S
Verkalýðsfélag
Snæfellinga



Grundarfjarðarbær óskar íbúum Grundarfjarðar, nærsveitungum og landsmönnum öllum gledilegra jóla og farsældar á komandi ári


Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða



Þeim fjölmörgu sem innt hafa af hendi óeigingjarna sjálfbodavinnu í þágu íbúa og samfélags er þakkað sérstaklega fyrir sitt dýrmæta framlag



Óskum Snæfellingum
glæðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Hárgreiðslustofa
Gunnhildar



RAGNAR & ÁSGEIR EHF



HG Lagnir 869-9362



JÓNAS KRISTÓFERSSON
HÚSASMÍÐAMEISTARI



Samtök
smærri útgerða

ssu.is



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI

Bjarnarbraut 8 • 310 Borgarnes • Sími: 433 2310 • ssv@ssv.is

Viðburðarík aðventa á Jaðri

Desember hefur verið mjög ánægjulegur og viðburðaríkur á Jaðri. Í ár byrjuðu jólin á Jaðri í lok nóvember þegar hið árlega jólaglögg fór fram. Þorsteinn Jakobsson spilaði á harmonikku og starfsmennirnir buðu upp á glögg, osta og kökur. Soroptimistar heimsóttu svo heimilið í byrjun desember og héldu jólabingó. Þær hafa einnig komið á Jaðar vikulega í vetur með lestur fyrir íbúa. Fjöldi vinninga voru í boði í bingóinu og fengu flestir vinninga. Að bingói loknu buðu soroptimista konur upp á heimabakað-

ar lagterturt og allskonar góðgæti. Að sjálfsgöðu buðu þær einnig upp á heitt súkkulaði. Það er alltaf mikið stuð á Jaðri þegar það er bingó og var þetta skiptið engin undantekning. Einn góðan veðurdag í desember fóru íbúar Jaðars í rútuferð um Snæfellsbæ til þess að skoða jólaljósín. Stoppað var í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi en þar var boðið upp á heitt súkkulaði og köku. Að því loknu rúntaði rútan um götur bæjarins til þess að skoða ljósadýrðina.

12. desember voru litlu jólin

haldin hátíðleg á Jaðri fyrir íbúa og starfsmenn. Veitingastaðurinn Sker sá um matinn og Jenni og Valentína fluttu nokkur lög. Gerður las jólasögur og er það alltaf jafn hátíðlegt. Áður en eftirrétturinn var borinn fram kom jólasveinn og gaf íbúum pakka. Jólasveinninn þekkir vel til íbúanna, þau voru búin að vera góð í ár og fengu því allir konfekt að gjöf. Til viðbótar við þessa viðburði hafa ýmsir hópar lagt leið sína á Jaðar til þess að gleðjast með íbúum og starfsmönnum. Kirkjukórinn kom til að mynda einn

fimmtug í desember og hélt æfingu sína í matsalnum, skóla-skór Snæfellsbæjar hélt tónleika, Steini og Valentína spiluðu og sungu, börn af leikskólum Snæfellsbæjar sungu lög og ótal fleiri heimsóknir sem íbúar eru mjög svo þakklátir fyrir. Myndir af jólaundirbúningnum á Jaðri og fleira má finna á Facebook síðu heimilisins. Íbúar og starfsmenn Jaðars þakka fyrir væntumþykju og vinarhug á aðventunni frá íbúum Snæfellsbæjar og fleiri gestum og óska öllum gleðilegra jóla.

JJ



Leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur

Happdrættismiðar í leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur eru komnir í sölu, sölustaðir eru: Verslunin Kassinn, Verslunin Hrund og Voot.

Údráttur í leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur fer fram í félagsheimilinu Klifi á aðfangadag kl. 11.

Útgefnir miðar 2.500,
aðeins dregið úr seldum miðum.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur



Leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Nespinga.

Árlegt jólahappdrætti Lkl. Nespinga verður haldið 23. desember kl. 17:00 og hvetjum við alla til að mæta.

Miðar verða til sölu í Hraðbúð Hellissands og Fönix og á Þorláksmessu í félagsh. Röst á milli kl. 16-17.

ATH engin posi á staðnum.



Fjöldi veglegra vinninga

Aðeins dregið úr seldum miðum.

Miðaverð 300kr.

Jólasurningar



Atli Már Gunnarsson

asta var fjarstýrður vörubíll frá foreldrum mínum.

Hvað kemur þér í jólaskap?

Jólaljósín og jólalögin

Hver er þín fyrsta jólaminning?

Rauður skór út í glugga fullur af nammi.

Besta eða eftirminnlegasta jólagjöf sem þú hefur fengið?

Besta gjöfin var Scarpa kulda-skór frá konunni en eftirminnleg-

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn?

Rjúpur

Hvað finnst þér vera besta jólagið?

Do they know its christmas með band aid

Kaffi 59

Starfsfólk Kaffi 59 óskar viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða



Gleðileg bókaþól!

Bókasafn Snæfellsbæjar sendir bestu kveðjur um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum liðið ár.

Kær kveðja,
bókasafnsvörður

Opnunartími á bókasafni yfir jól og áramót.

Hefðbundinn opnunartími, lokað um helgar og á rauðum dögum.

21. des	11:00 - 13:00
27. des	16:00 - 18:00
28. des	11:00 - 13:00
3. Jan	16:00 - 18:00

Annáll UMF Víkings/Reynis

Ungmennafélagið Víkingur/Reynir hefur átt mjög gott ár. Við erum alltaf að leita leiða við að fjölga hér greinum sem eru í boði fyrir börnin okkar. Í fyrra byrjuðum við með handbolta sem gengur mjög vel og eru æfingar núna tvisvar í viku. Nú í september byrjuðum við aftur með frjálsar íþróttir eftir smá hlé og hefur verið mjög góð aðsókn í það sem er frábært. Við tókum svo stórt skref núna í haust og byrjuðum loksins með rafíþróttir sem er frábær viðbót og fer mjög vel af stað. Fótboltinn- sundið- íþróttaskólinn og boccia er svo auðvitað á sínum stað en íþróttaskólinn er núna kominn inni töflu en er ekki lengur námskeið. Við tókum annað stórt skref núna í haust og stofnuðum 2.fl kvenna sem fer einnig mjög vel af stað og erum við í stjórn afar spenntar að fylgjast með þeim vaxa og dafna og draumurinn er að innan fárra ára verði hér meistara-flokkur kvenna líka. Við erum ótrúlega ánægð með þann fjölda sem er að æfa hjá okkur og hvetj-



um alla til að koma og prufa enda ættu allir að geta fundið sér eitthvað spennandi til að æfa. Við hlökkum til næsta árs með öllum snillingunum okkar.

Um leið og við óskum öllum okkar iðkendum, fjölskyldum þeirra og bæjarbúum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári viljum við þakka fyrir

frábæran stuðning og góð samskipti á árinu sem er að líða.

f.h. stjórnar UMF Víkings/Reynis
Tinna Ýr Gunnarsdóttir

*Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól
óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum góðar stundir og alla velvild á liðandi ári.*

Jólakvæðjur frá heimilis- og starfsfólki



DVALAR OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ

Fellaskjól

Héraðsmót í frjálsum í Stykkishólmi



Jólamót HSH fór fram í íþróttahúsinu í Stykkishólmi laugardaginn 9. desember. Um 60 krakkar tóku þátt í mótinu að þessu sinni frá UMF Víkingi/

Reyni, Ungmennafélagi Grundarfjarðar og Snæfelli. Keppt var í langstökki án atrennu, 30 metra hlaupi og kúluvarpi og stóðu krakkarnir sig mjög vel. Mikill

uppgangur hefur verið í frjálsum íþróttum á Snæfellsnesi og er að lifna við íþróttinni aftur með öflugum og áhugasömum þjálfurum sem kveikja neist-

ann hjá börnunum. Framtíðin hjá þessum frjálsíþróttaiðkendum er björt og biða krakkarnir spenntir eftir næsta móti.

SJ



HAFNIR SNÆFELLSBÆJAR

Hafnir Snæfellsbæjar óska viðskiptavinum sínum og öllum íbúum Snæfellsbæjar gleðilegra jóla.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða, megi nýtt ár færa okkur aukinn afla og hagsæld.



*Hafnarstjóri
og starfsfólk hafna Snæfellsbæjar*



Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á liðnu ári.

B. Vigfússon ehf.

Jólabema í Grunnskóla Snæfellsbæjar

Síðustu vikur eru búnar að vera mjög viðburðaríkar í skólastarfi Grunnskóla Snæfellsbæjar, má þar nefna tónleika hjá Skólakórnum, Bókaveisluna, Piparkökudagana, sýningu í Þjóðgarðsmiðstöðinni og jólaútlarp GSnb eins og fjallað hefur verið um í síðustu tölublöðum Jökuls og þessu. Nemendur og starfsfólk hafa fundið sér ýmislegt til dundurs meðan beðið er eftir jólonum og undirbúningur jóla

og litlu jólanna sem haldin eru í skólanum er í fullum gangi. Á Helliessandi var haldin jólasmiðja í formi hringekju þar sem nemendur föndruðu jólaskraut og annað jólalegt í smiðjuvinnu. Í Ólafsvík var jólasmiðja þar sem nemendur fóru í stöðvavinnu og föndruðu jólaskraut úr perlum, bókum og pappír, bökuðu laufbrauð og skemmtu sér í snjónum úti svo eitthvað sé nefnt.

SJ



Jólatónleikar



30. nóvember héldu Kirkjukór Ólafsvíkur og Skólakór Snæfellsbæjar sameiginlega tónleika í Ólafsvíkurkirkju undir stjórn Veronicu Osterhammer. Flutt voru sígild og létt jólalög fyrir fullri kirkju sem hringdu svo sannarlega jólin inn fyrir gesti. Valentina Kay og Nanna Þórðardóttir spiluðu undir og Þor-

steinn Jakobsson söng einsöng. Slíkir tónleikar hjá kórnum tveimur eru ekki nýjir af nálinni og er alltaf vel mætt og gestir fara út með bros á vör og gleði í hjarta. Að tónleikunum loknum var boðið til kaffi og með því í Safnaðarheimili kirkjunnar.

SJ

Grænfaeni á Lýsudeild



Í byrjun desember tók Lýsudeild Grunnskóla Snæfellsbæjar á móti sínum 10. Grænfaena. Fáninn er viðurkenning til skóla fyrir að leggja áherslu á menntun til sjálfbærni. Þegar verkefnið fór fyrst af stað árið 2001 var Lýsuhólsskóli í hópi þeirra sem tóku þátt í verkefninu og eftir að skólinn varð að Lýsudeild Grunnskóla Snæfellsbæjar árið 2005 hefur þátttakan í Grænfaenaverkefninu haldið áfram. Sigurlaug Arnardóttir sér-

fræðingur hjá Landvernd og Skólum á grænni grein mætti í skólann og afhenti nemendum 10. bekkjar þennan 10. Grænfaena skólans. Fáninn var dreginn að húni en í veður skilyrðunum sem desember hefur verið að bjóða upp á veðraðist fáninn í rokinu í klukkustund áður en honum var bjargað inn. Lýsudeild á Grænfaenaskilti úr málmum sem verður notað sem tákn fyrir umhverfisstarf skólans um sinn.

SJ

Stafnafell ehf.
*óskar öllum Snæfellingum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.*

Fjárfest fyrir 593 milljónir og skuldir lækkaðar



Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 var tekin til seinni umræðu á bæjarstjórnarfundum þann 7. desember.

Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða af bæjarstjórn og jafnframt lögð fram eftirfarandi bókun:

“Bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur í sameiningu unnið að gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2024. Samstarf bæjarstjórnar hefur verið gott í þessari vinnu og samstaða verið um breytingar á gjaldskrá, styrkveitingar og framkvæmdaliði fyrir árið 2024.

Verðbólga ársins 2023 fór töluvert fram úr spám Hagstofunnar og telur bæjarstjórn þörf á að mæta þeim kostnaði sem sú verðbólga hefur valdið með gjaldskrárhækkunum. Verðbólgan hefur verið í kringum 9% á árinu, og munu gjaldskrár Snæfellsbæjar hækka um 7-10% á árinu 2024.

Breytingar vegna sormála

Töluverðar breytingar verða á árinu 2024 varðandi sormál í Snæfellsbæ og tekur gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda mið af því. Helstu breytingar verða þær að frá og með 1. apríl þá verður fólk að flokka í fjóra flokka heim við hús og fara með tvo sorphlokka á grenndarstöðvar. Jafnframt er ljóst að sá kostnaður sem verður við sormál í Snæfellsbæ mun hækka vegna krafna um aukna flokkun. Fram til þessa hafa íbúar ekki verið að borga þann kostnað beint sem verður vegna sormála en það er ekki í samræmi við lög og reglugerðir. Því þarf bæjarstjórn að bregðast við því og hækka gjöld vegna sormála. Bæjarstjórn gerir sér fulla grein fyrir að þetta eru miklar hækkunar en á móti má segja að

fram til þessa hafi verið reynt að halda gjöldum vegna sormála í algjöru lágmarki. Nú verður því miður ekki lengur hægt að komast hjá hækkunum.

Gjaldskrá fasteignagjalda tekur engum breytingum milli ára. Breytingar voru gerðar á álagningarprósentu vatns og holræsis í gjaldskrá fyrir árið 2023 og halda þær breytingar sér á árinu 2024. Sú breyting var samt sem áður gerð á gjaldskrá fasteignagjalda að gjalddögum var fjölgað úr 8 í 10 og verða á árinu 2024 frá 1. febrúar til 1. nóvember.

Afsláttur

eldriborgara hækkar

Afsláttur fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega hækkar, ásamt viðmiðunarmörkum tekna, sem nemur launavísitölu ársins.

Útvarsprósenta í Snæfellsbæ verður óbreytt, en þó með fyrirvara um breytingar á lögum frá Alþingi um útvarsprósentur sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn leggur áherslu á að viðhalda þeirri góðu þjónustu sem veitt er í sveitarfélaginu og að henni hlúð eins og kostur er. Styrkir til félagsamtaka á árinu 2024 verða um 64,8 milljónir. Eins og áður hefur komið fram, þá blasti töluvert vandandi við bæjarstjórn við úrvinnslu styrkja þar sem beiðnir bárust fyrir um á annað hundrad millj. króna. Ljóst var að ekki var mögulegt að verða við öllum beiðnum og því þurfti að forgangsraða.

Frístundastyrkur hækkar

Snæfellsbær mun áfram bjóða upp á frístundastyrk til tómsundastarfs ungmenna og á árinu 2024 mun sá styrkur hækka úr kr. 30.000.- á barn í kr. 33.000.-, og fylgir hann launavísitölu. Jafnframt var aldursbilid víkkað í báðar áttir, en nú gildir frístundastyrkur fyrir öll börn og ungmenni með lögheimili í Snæfellsbæ á aldrinum 0-20 ára. Nýjar reglur um frístundastyrki má finna á heimasíðu Snæfellsbæjar.

Snæfellsbær verður 30 ára á árinu 2024 og í tilefni af því hef-

ur markaðs- og kynningarfulltrúi Snæfellsbæjar verið í samstarfi við samstarfsmenn Erró um að setja upp listaverk eftir hann í nágrenni Pakkhússins í Ólafsvík næsta vor í tilefni tímamótanna.

Fjárfest fyrir 593 milljónir

Svigrúm til framkvæmda er ágætt. Áfram er gert er ráð fyrir því að stór hluti framkvæmda ársins 2024 verði í viðhaldsframkvæmdum á húsnaði bæjarins. Samtals er gert ráð fyrir um 170 milljónum í viðhalds- og framkvæmdaverkefni á stofnunum bæjarins, þar sem stærstu einstöku verkefni verða viðgerðir á þaki íþróttahússins í Ólafsvík og félagsheimilinu Klifi. Jafnframt er gert ráð fyrir framkvæmdum við viðbyggingu á leikskólanum Krílakoti í Ólafsvík, stækkingu á inngangi á Jaðri, ásamt öðrum smærri viðhalds- og framkvæmdaverkefnum. Stærsta einstaka fjárfesting ársins 2024 verður hins vegar kaup á gámastöðinni Enni í Ólafsvík, sem er hluti af fyrirhuguðum breytingum í sormálum.

Samtals er gert ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði rúmar 593 milljónir króna, þar af um 318 milljónir hjá bæjarsjóði Snæfellsbæjar og rúmar 275 milljónir hjá Hafnarsjóði.

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar er ágæt. Gert var ráð fyrir lántöku upp á 100 milljónir í fjárhagsáætlun ársins 2023, en ekki hefur verið nauðsynlegt að nýta þá heimild. Snæfellsbær er því ekki að auka við lán á árinu 2023, heldur lækka lán sín töluvert á raunvirði. Á árinu 2024 er ekki gert ráð fyrir nýjum lántökum, þrátt fyrir töluverðar fjárfestingar.

Afgangur verði 167 millj.

Fjárhagsáætlun ársins 2024 gerir ráð fyrir að skila rekstrarafgangi upp á rúmar 105 milljónir hjá A-hluta sjóðum, en um 167 milljónum hjá samanteknum A- og B-hluta sjóðum. Það þýðir að reksturinn gefur ákveðið svigrúm til fjárfestinga og því þarf ekki að fjármagna fjárfestingar ársins með lántöku. Skuldahlutfall Snæfellsbæjar í ársreikningi 2022 var 74% hjá A-hluta og 61,36% hjá samanteknum reikn-

ingi A- og B-hluta, en ef notað er skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga, þá fer prósentan niður í 49,55% hjá A-hluta og 37,4% fyrir samstaðuna. Þar sem engin lán voru tekin á árinu 2023 er gert ráð fyrir að skuldahlutfall Snæfellsbæjar verði enn lægra í árslok 2023 og jafnframt er gert ráð fyrir að það lækki enn frekar á árinu 2024 þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni lántöku. Rétt er að taka fram að skv. sveitarstjórnarlögum má skuldahlutfall sveitarfélaga ekki fara yfir 150% og telst því Snæfellsbær mjög vel statt sveitarfélag.

Hafnarsjóður vel staður

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar er vel rekinn og verða miklar framkvæmdir á hans vegum árið 2024, eins og áður kemur fram, eða um 275 milljónir króna. Hafnarsjóður er fjárhagslega vel staður og skuldar engin langtímalán. Ekki er gert ráð fyrir neinum lántökum hjá Hafnarsjóði á árinu 2024.

Rekstur Snæfellsbæjar hefur verið með ágætum. Ljóst er þó að kjarasamningar eru flestir lausir nú í lok mars, sem gerir það að verkum að rennt er blint í sjóinn með áætlun launa fyrir árið 2024. Hagstofan gerir ráð fyrir ríflega 7% hækkun launavísitölu á árinu 2024 og er það viðmiðið sem notað er í fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar. Rekstur stofnana hefur gengið mjög vel á árinu 2023 og er að miklu leyti því að þakka hversu gott samstarf hefur verið við forstöðumenn og starfsfólk Snæfellsbæjar. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar treystir á að samstarfið verði áfram farsælt, því einungis þannig verður hægt að ná fram góðum rekstri og veita góða þjónustu hjá sveitarfélaginu.

Björn H Hilmarsson
Júniana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Jón Bjarki Jónatansson
Michael Gluszuk
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir“

Aðventan á leikskólum Snæfellsbæjar



Desember hefur verið viðburðarríkur á leikskólum Snæfellsbæjar. Leikskólinn hefur verið skreyttir hátt og lágt og á hverjum föstudegi klæða börn og starfsfólk á Krílakoti og Kríubóli sig upp eftir ákveðnu þema, í jólasokkum, rauðum fötum eða með jólasveinahúfu. Í upphafi mánaðar fóru allar deildir í jólaljósagöngu með LED kertum og vasaljósom, á göngu sinni um Ólafsvík litu börnin á Krílakoti inn á dvalarheimilinu Jaðri og sungu jólalög fyrir heimilisfólkið og börnin á Kríubóli gladdi starfsfólk ráðhússins á Hellissandi með jólasöng. Þá var

bakað og skreytt piparkökur á leikskólunum, kíkt í heimsókn í Ólafsvíkurkirkju og Ingjaldshólkirkju þar sem Séra Ægir Örn tók á móti þeim, jólakósý með jólakökum og heitu súkkulaði við kertaljós sló í gegn hjá börnunum og mikil spenna ríkti á leikskólanum þegar Möndlumeistari hveurrar deildar var krýndur í hádegismatnum. Árlega jólaballið var svo haldið þar sem börn og starfsfólk mætti í sínu fínasta þússi, gengu í kringum jólatréð og sungu jólalög. Jólasveinarnir létu sjá sig með pakka og góðgæti fyrir börnin og vakti það mikla lukku hjá flestum. SJ



Fiskmarkaður Íslands hf.

óskar viðskiptavinum sínum á sjó og landi
gleðilegra jóla, árs og friðar.



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

GUÐMUNDUR JENSSON SH 717



Við óskum öllum Snæfellingum gleðilegra jóla og heillaríks komandi árs. Þökkum starfsfólki okkar og viðskiptavinum samstarfið á árinu sem er að líða.

Jólafastan á Lýsudeild

Á Lýsudeild Grunnskóla Snæfellsbæjar er ýmislegt fönbrað, unnið, hlýtt á og sungið á jóla-föstunni. Skólaálman er orðin heldur jólaleg með skreyttum gluggum en þeir eru skreyttir árlega á piparkökudegi skólans. Þá sjá nemendur og gestir þeirra um að mála glugga og gera þá jólalega. Hurðir á kennslustofum eru einnig skreyttar sem og hurðin á Lýsukoti, leikskólasel-inu á Lýsudeild. Aðventan er ekki dauður tími hjá nemendum Lýsu frekar en öðrum og hafa þau tek- ið þátt í jólaútlarpi GSNB, skrif-

að og teiknað í jóla-skólablaðið sem gefið er út fyrir jólin og fara í leynivinaleik sem leysist svo á stofujólunum. Í hverri viku er sungið jólalög á sal og auðvitað tekið nokkur spor í leiðinni. Sagnaseiður á Snæfellsnesi og Foreldrafélag Lýsudeildar Grunnskóla Snæfellsbæjar í samvinnu við skólann skipu- lögðu og sáu um Rökkurró í Hofstaðaskógi fimmutdaginn 14. desember. Litlu jólin eru svo stór skemmtun í skólanum, þá skreyta nemendur og starfsfólk gríðarstórt jólatré, stóla upp í

sal og bjóða aðstandendum og velunnurum til hátíðarhalda. Þá eru haldnir tónleikar tónlistar- skólanemenda, leikskólinn syngur fyrir gesti, nemendur sýna jólamyndband, selja jóla-skóla-

blaðið og halda tombólu til styrktar þurfandi fólki í heim- inum. Þá sér Foreldrafélag Lýsu- deildar um kaffihlaðborð á við- burðnum.



Árið 2023 hjá HSH

Árið 2023 hefur verið viðburðarríkt hjá Héraðssambandi Snæfellsness og Hnappadals-sýslu. Sambandþing HSH var haldið að Lindartungu þann 22. apríl þar sem almenn þingstörf fóru fram auk þess að íþróttafólki HSH voru veittar viðurkenningar.

Körfuboltamaður HSH - Rebekka Rán Karlsdóttir

Skotíþróttamaður HSH - Aðalheiður Lára Gunnarsdóttir

Hestaíþróttamaður HSH - Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir

Kylfingur HSH - Sigurþór Jónsson

Knattspyrnumaður HSH - Konráð Ragnarsson

Rebekka Rán Karlsdóttir var kjörin Íþróttamaður HSH 2022.

Þá var Skíðaráð Skíðasvæðis Snæfellsness valið Vinnuþjarkur HSH 2023.

HSH í samstarfi við Stykkishólmsbæ tók að sér að halda Landsmót UMFÍ 50+ í Stykkishólmi 23. - 25. júní. Undirbúningshópur var myndaður snemma í janúar en þau ásamt UMFÍ og Dönsku daga nefndinni lögðu mikinn metnað í skipulagningu, dagskrá og annað tengt viðburðunum. Landsmót 50+ gekk vel fyrir sig, þátttakendur glaðir með mótið og veðrið gott. Svona mót hefði ekki getað farið fram nema með hjálp sjálfbóðaliðanna og ber að þakka öllum þeim sem

að mótinu komu á einn eða annan hátt fyrir sitt ómetanlega framlag. Þá þökkum við einnig Stykkishólmsbæ fyrir gott samstarf.

Gunnhildur Gunnarsdóttir var ráðin nýr framkvæmdarstjóri HSH en hún tók við af Daða Jörgensen síðastliðið sumar.

Nokkrir keppendur kepptu á Unglingalandsmóti UMFÍ um Verzlunarmannahelgina í ágúst en HSH stefnir að því að fjölga keppendum í Borgarnesi árið 2024.

Stjórnarmeðlimir HSH ásamt framkvæmdarstjóra funduðu með formanni/framkvæmdarstjóra aðildarfélaganna í október síðastliðið. Fundirnir gengu vel og vonumst við til þess að hægt verði að efla samstarfið milli aðildarféлага enn meira á næsta ári.

Á Sambandsþingi UMFÍ í október voru Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Garðar Svansson sæmdir Gullmerki UMFÍ fyrir þeirra störf í þágu HSH en þeir hafa unnið gríðarlega mikilvægt starf fyrir HSH í gegnum árin. Við óskum þeim innilega til hamingju!

Á þingum ÍSÍ og UMFÍ í ár var samþykkt að fara í eflingu íþróttahéraða og efla samstarf innan svæðanna með því að ráð tvo starfsmenn inn á hvert svæði, eða sextán starfsmenn alls. Með þessu á að verða tenging á milli og vettvangur til aukins samstarfs. Gott



teymi hefur myndast milli framkvæmdarstjóra héraðanna á Vesturlandi en það eru þær Guðmunda Ólafsdóttir (ÍA), Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir (UMSB) og Jóhanna Sigrún Árnadóttir (UDN) ásamt framkvæmdastjóra HSH sem mynda teymið.

Sjálfbóðaliðar og starfsmenn aðildarfélaganna innan héraðsins vinna gríðarlega öflugt starf en þeim ber að þakka fyrir þann



metnað sem þau hafa lagt í starfið innan hvers aðildarfélags.

Myndast hefur gott samstarf í frjálsum íþróttum á Snæfellsnesi. Björg Gunnarsdóttir (Snæfell), Sveinbjörg Zophoníasdóttir (Snæfell), Kristín Haraldsdóttir (UMF Grundarfirði) og Ingunn Ýr Angantýsdóttir (Viking Ólafsvík) vinna í miklu samstarfi innan HSH og hafa til að mynda mætt með iðkendur á Silfur- og bronsmót ÍR ásamt því að standa fyrir Jólamóti HSH sem haldið var í Stykkishólmi 9. desember s.l. þar sem um 60 börn tóku þátt.

Stjórn HSH hefur kosið um Íþróttamann- og Vinnuþjarkúr ársins 2023 en afhending verðlaunanna mun fara fram í janúar og verður auglýst síðar.

Að lokum þökkum við öllum þeim sjálfbóðaliðum og styrktaraðilum sem hafa staðið með okkur árið 2023 fyrir frábært samstarf og vonumst til að það verði enn betra á næsta ári.

F.h. HSH

Gunnhildur Gunnarsdóttir, framkvæmdarstjóri HSH



Snæfellingum sendum við óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Tanlæknastofa Ara Bjarnasonar

Snæfellingum óskum við gleðilegrar jólahátíðar og gæfuvíks nýs árs.

Þökkum viðskiptin á árinu.

PÓSTURINN



Óskum Snæfellingum
glédilegra jóla og farsældar á nýju ári


GILBAKKI
KAFFIHÚS



Sóley saumar
Handverk og merkingar


SNYRTISTOFAN GLÓEY



Brynja SH
Bjartsýnn ehf.

Hraðbúðin
Hellissandi


LANGAHOLT




Nesver ehf
ÚTGERÐ


Snævélar ehf.


Vegagerðin

Útgerðarfélagið Ingibjörg ehf.
INGIBJÖRG SH-174


Bílaaðstoð & Flutningar ehf
Car Assistance
S: 895 4558



STEINPRENT

436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is

Jólakveðja frá Sólvöllum

Leikskólinn Sólvellir í Grundarfirði hefur haldið úti virkilega fjölbreyttu og skemmtilegu starfi í desember. Nemendur hafa fönðrað jólaskraut sem búið er að skreyta leikskólann með og Drekkadeildin bakaði kókoskúlur og skreyttu piparkökur sem nemendur leikskólans borðuðu svo saman. Á hverjum degi fram að jólafrí er skoðað jóladagatal þar sem kemur fram fallegur boðskapur og einhverskonar samvera

sem deildirnar njóta saman. Þá komu nemendur Tónlistarskóla Grundarfjarðar í heimsókn og fluttu falleg jólalög auk þess sem nemendur leikskólans fengu að taka undir með nokkrum lögum við mikla kátínu. Kaffi 59 bauð nemendum Sólvalla í heimsókn þar sem þau fengu að gæða sér á kakói og smákökum. Jólabblið á Sólvöllum var svo virkilega skemmtilegt þar sem nemendur og starfsfólk sungu saman jólalög og dönsuðu í kringum jóla-

tréð. Jólaveinninn lét auðvitað sjá sig og gaf börnunum gjafir. Margrét Sif Sævarsdóttir, leikskólastjóri Sólvalla, segir mikla ánægju vera með skólaárið sem

er að líða og tilhlökkun til næsta árs. Starfsfólk og nemendur Sólvalla óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

SJ



*Gleðilega hátíð
& takk fyrir árið.*

*Við hlökkum til að
taka á móti ykkur
á nýju ári.*

Starfsfólk Lysulauga

Gjaldskrár fyrir leikskólagjöld í Snæfellsbæ

Gildir frá 1. janúar 2024

1. gr.

Dvalargjald:

Grunngjald fyrir hvert auka korter að dvalartíma loknum.....	1.100 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 4 klt. á dag.....	17.600 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 5 klt. á dag.....	22.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 6 klt. á dag.....	26.400 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 7 klt. á dag (08:00 – 15:00).....	30.580 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 8 klt. á dag.....	34.760 kr.

Mánaðargjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af mánaðargjaldi.

Fæðisgjald:

Morgunmatur.....	2.600 kr.
Hádegismatur.....	5.775 kr.
Siðdegiskaffi.....	2.080 kr.
Fullt fæði.....	10.450 kr.

Fæðisgjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af fæðisgjaldi nema barn sé fjarverandi í lengri tíma en 4 vikur samfelld. Afslátt af fæðisgjaldi skal undantekningarlaust ræða við leikskólastjóra.

2. gr.

Afslættir af dvalargjald:

Einstæðir foreldrar og námsmenn.....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn.....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn.....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og heilsdagsskóla. Hæsti afsláttur reiknast af lágsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast eingöngu af heilu dvalargjaldi, ekki af kortersgjaldi, fæði eða öðrum gjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 27. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. desember 2023. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2024 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá leikskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. ágúst 2023.

Snæfellsbær, 7. desember 2023

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Eldri borgarar úr Snæfellsbæ til Tenerife

Þegar ég er að setja þessi orð niður á blað er margt fólk skelfingu lostið vegna óteljandi vandamála sem hrjá heiminn. Engum dylst að vandamálín eru alvarleg. Samt víkja þau fyrir brosi og gáska.

Við eldri borgarar úr Snæfellsbæ fórum til Tenerife 7. nóvember sl., höfðum við flest okkar áhyggjur hvort það færi að gjósa áður en við kæmumst út fyrir landsteinana en sem betur fer gekk það slysalaust, við vorum ansi mörg sem gistum á hóteli í Keflavík og Ásbrú. Við vorum búin að tékka okkur inn en ýmislegt gleymdist heima svo sem augndropar sem varð að skutlast með í dauðans kasti frá Reykjavík áður en lagt var í ferðina, önnur gleymdi visa kortinu í úlpu í þvottahúsinu heima og húsið harðlæst og engin komst inn, sá sem var með lykilinn var í flugi sem kom frá Englandi. En sem betur fer voru tvær konur ekki farnar af stað suður og tóku kortið með sér, úff sem betur fer. Svo voru indælis hjón sem voru búin að fá sér gjaldreyri fyrir ferðina og ganga frá öllu en gjaldreyririnn gleymdist undir koddna heima, sem betur fer gátu þau reddað sér með því að fara í hraðbanka í Leifstöð. Vorum við mætt 5:30 allir hressir og kátir.

Gunnar Svanlaugs var með okkur í fluginu, hann var sá sem hélt utan um okkur alla ferðina, hann sá um að við yrðum ekki styrðubusar í þessari ferð. Við fórum í leikfimi á hverjum morgni klukkan 9:30 og það voru allir sem mættu með bros á vör, svo var farið í göngu með honum og stoppað niðri á strönd. Þar lét hann okkur sveifla höndunum upp og niður, fólk sem var á göngu tók myndir af okkur og brosti út í annað munnvikið, héldu örugglega að við værum í einhverjum trúarhóp.

Á kvöldin fórum við á ball niður við strönd, þar var dansað af hjartans list. Alltaf var nóg að gerast hjá okkur. Kynntumst fullt af góðu fólki. Þessi ferð lukkaðist vel í alla staði og við erum svo sannarlega ekki hætt að ferðast. Næsta ferð er til Færeyja 3. júní 2024 og það er orðin mikill spenningur fyrir þeirri ferð!

Að lokum vil ég segja að það er ekkert mál að eldast.

Myndirnar tók Pétur Steinar.

Svanhildur Sanný Páls.



Hluti hópsins fyrir framan La Siesta á leið í lokartíð.



Það var mikið líf og fjör á ballinu á strandbarnun Vila Flor á kvöldin.



Séð yfir salinn á Nostalgíubar á lokakvöldinu.



Gönguferðirnar undir stjórn Gunnars voru ómissandi.

Óskum Snæfellingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Golfklúbburinn
Jökull



Sjálfstæðisfélagin
í Snæfellsbæ



Soroptimistaklúbbur
Snæfellsness



Skotfélag
Snæfellsness



Kvenfélag
Hellissands



Kvenfélag
Ólafsvíkur



Lionsklúbburinn
Rán, Ólafsvík



Lionsklúbbur
Ólafsvíkur

Mikolaj heimsótti börnin

Pólski hópurinn "Verum í sambandi" hittist á Klifi í desember og þegar þessi hópur kemur saman gerist margt skemmtilegt. Börn með bros á vör sungu saman jólalög, leystu jólaverkefni, prófuðu hefðbunda jólarétti að ógleymdum jólagjöfunum sem þau fengu. Jólasveinninn, Mikolaj sjálfur mætti á staðinn á hjóli og færði börnunum gjafir og gladdi unga sem aldna. Mikolaj var að sjálfsögðu með hjálm á höfðinu og í endurskinsvesti til að minna gesti á að umferðar reglurnar gilda fyrir alla og allstaðar og hvort sem farið er á reiðhjól, vespu eða sleða verður að muna eftir öryggisbúnaði.

SJ



Skoðanakönnun um húsnæðismál 60 ára og eldri

Að beiðni öldungaráðs Snæfellsbæjar var lögð fyrir könnun meðal íbúa Snæfellsbæjar 60 ára og eldri varðandi húsnæðismál. Tilgangurinn var að kanna þörfina og áhugann fyrir húsnæðisúrræðum fyrir eldri borgara, áhuga þess hóps á staðsetningu og gerð þess húsnæðis, könnunin var rafræn og stóð frá 13. - 27. september 2023.

72 einstaklingar tóku þátt í skoðanakönnuninni, sem er 20% af skráðum íbúum í Snæfellsbæ á aldrinum 60-99 ára, af þeim sem tóku þátt í könnuninni voru 70% á aldrinum 60-70 ára, 24% á aldrinum 71-80 ára og 6% eldri en 81 árs.

Um 90% af þeim sem tóku þátt höfðu áhuga á að fara í minna húsnæði (svöruðu já 65% og kannski 25%) og stærstur hluti þátttakenda hafði áhuga á búsetuúrræði (kaupleigu), eða 61%. Næst þar á eftir var áhugi á að kaupa húsnæði, en það vildi 39% þátttakenda.


Það var líka langstærsti hluti hópsins sem hafði áhuga á rað- eða parhúsi, eða 83% á meðan

17% hafði áhuga á annars konar fjölbýli. Það var líka langstærstur hluti hópsins, eða 92% sem myndi vilja hafa bílskúr.


Varðandi staðsetningu hugsanlegra íbúða, eða hvar fólk vill búa, þá skiptist það hlutfallslega milli byggðakjarna nokkurn vegin í samræmi við íbúafjölda þess kjarna. 70% vill búa í Ólafsvík, 30% á Hellissandi, 8% í Rífi og 4% annars staðar í sveitarfélaginu, eða sunnan heiðar.

Gefinn var kostur á að koma athugasemdum á framfæri og kom þar m.a. fram að fólk þyrfti að hafa val hvort það vildi kaupa eða leigja húsnæði, að það þyrfti að byggja fleiri hús eins og eru fyrir eldri borgara í Engihlíðinni, það þyrfti að huga að húsnæði í öllum byggðakjörnum þar sem fólk vildi halda sig við þann byggðakjarna sem það byggir í nú þegar, og svo kom tillaga um að byggja fjölbýlishús við Kirkjutúnið í Ólafsvík, þar sem Átthagastofan er nú til húsa. Þar væri hægt að hafa bílskýli í kjallara og samkomusal á efstu hæðinni. Jafnframt væri þar komin tenging við Jaðar.


1. Hver er aldur þinn?




4. Hvers konar húsnæði myndir þú vilja?



2. Hefur þú áhuga á að fara í minna húsnæði?




5. Myndir þú vilja hafa bílskúr?



3. Hefðir þú áhuga á að



6. Hvar myndir þú vilja búa?



Gleðileg jól!

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Með þakklæti fyrir hið liðna.

Hittumst hress og kát á nýju ári!

Með hátíðarkveðju,
starfsfólk íþróttamannvirkja

	Sundlaug	Íþróttahús
23. des	10:00 - 17:00	LOKAÐ
24. des	10:00 - 12:00	LOKAÐ
25. des	LOKAÐ	LOKAÐ
26. des	LOKAÐ	LOKAÐ
27. des	07:30 - 21:00	10:00 - 20:00
28. des	07:30 - 21:00	10:00 - 20:00
29. des	07:30 - 21:00	10:00 - 20:00
30. des	10:00 - 17:00	LOKAÐ
31. des	10:00 - 12:00	LOKAÐ
1. jan	LOKAÐ	LOKAÐ

Gjaldskrár fyrir skólamáltíðir og heilsdagsskóla í Snæfellsbæ

Gildir frá 1. janúar 2024

1. gr.

Í grunnskólanum eiga nemendur kost á heitri máltíð í hádeginu fimm daga í viku, alla skóladaga skv. skóladagatali. Maturinn er eldaður í eldhúsi grunnskólans. Foreldrar skrá börn sín í áskrift í byrjun skólaárs.

2. gr.

Ekki er í boði að kaupa stakar máltíðir, en fast mánaðargjald **kr. 10.000.-**

3. gr.

Heilsdagsskóli, Skólabær, er í boði fyrir börn í 1. – 4. bekk á Hellissandi. Hann er starfræktur á skóladögum, samkvæmt skóladagatali frá því að skóla lýkur kl. 13:30 og til kl. 15:50, en á föstudögum frá kl. 13:30 til 14:50. Heilsdagsskóli er ekki opinn í vetrarfríum. Starfsemi hefst á skólasetningardegi og lýkur á skólaslitadegi.

4. gr.

Gjald fyrir hverja dvalarstund í heilsdagsskóla er **kr. 355.-** Gjald fyrir síðdegishressingu er **kr 175.-**

Afslættir af dvalargjald:

Einstæðir foreldrar og námsmenn.....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn.....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn.....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

5. gr.

Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli.

Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari í íþróttir eða tónlistartíma á dvalartíma. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda, nema þau vari lengur en eina viku samfelld.

6. gr.

Skráning í mat og heilsdagsskóla er hjá skólaritara. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. og 33. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. desember 2023. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2024 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá grunnskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2023.

Snæfellsbær, 7. desember 2023

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri





Gleðilega hátíð

